



Óháð fréttablað á Vestfjörðum
BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk

Fimmtudagur

12. febrúar 2009
6. tbl. · 26. árg.

Háprýstipvottur

Kjarnaborun

Steinsögun

Sími: 456 6600

**VESTFIRSKIR
VERKTAKAR**

www.vverk.is

- Veitingar
- Skemmtun
- Lífandi tónlist
- Góð þjónusta

KAFFI EDINBORG
Café · Restaurant · Bar
www.kaffiedinborg.is



Úr tónlist í ljósmyndun

Það er mikið um tónlist í fjölskyldu Pjéturs Geirs Óskarssonar frá Ísafirði. Hjá honum sjálfum hefur tónlistariðkun hins vegar á síðari árum horfið í skuggann af annarri listgrein sem á hug hans allan, ljósmyndun. Erling Sörensen afi Pjéturs Geirs í móðurætt hefur við ótal tækifæri komið fram sem flautuleikari og hefur einnig verið starfandi tónlistarkennari á Ísafirði. Rúnar Þór Pétursson tónlistarmaður er föðurbróðir Pjéturs Geirs. Einn helsti lærifaðir hans í ljósmyndun er Ísafirðingurinn Sigurþór Hallbjörnsson, öllu betur þekktur sem Spessi. Pjétur Geir er í opnuviðtali í dag.

Ljóm: Jóhann Þróstur Pálmason.



Við flytjum allt ...
... og ekkert er of stórt!

Eimskip-Flytjandi er með um
80 afgreiðslustaði um land allt.
Hvað getum við flutt fyrir þig?
Hafðu samband og fáðu tilboð.

Eyrarskála 400 Ísafjörður Sími 525 7890 Fax 525 7899 www.flytjandi.is

EIMSKIP
Flytjandi

Fara í mál við ríkið ef leyfi til hvalveiða verður afturkallað

„Ef þetta verður afturkallað liggur beint við að við förum í mál við ríkið, það liggur á borðinu,“ segir Konráð Eggertsson, hrefnuveiðimaður á Ísafirði, aðspurður um hvaða afleiðingar það hefði, ef sjávarútvegsráðherra afturkallar leyfi til hvalveiða. Konráð sótti opinn fund um hvalveiðar sem haldinn var í síðustu viku á Akranesi. „Hann mætti þarna fullu húsi af fólki sem styður hvalveiðar. Hann hlýtur að hugsa sig um eftir þennan fund. Þetta er maður fólksins og lýðræðisins og 80% landsmanna vill hefja hvalveiðar. Hann hlýtur að taka tillit til þess,“ segir Konráð.

Hann segir Steingrím J. ætla að hugsa sig um áður en hann tekur ákvörðun um hvort hann ætli að afturkalla leyfi til hvalveiða. „Ég átta mig ekki alveg á hvað hann ætlar að skoða eða

við hvern hann ætlar að tala. Ef hann ætlar að tala við ferðapjónustuna þá er það sama lygin sem kemur frá þeim. Þeir eru búnir að ljúga svo miklu að þeir eru farnir að trúá því sjálfir. Fiskverkendur, útflytjendur, fjöldi sveitarfélaga og samtök hafa skrifað undir yfirlýsingu um að þau séu hlynnt hvalveiðum og ég veit því ekki hvað Steingrímur er að fara,“ segir Konráð.

Hann segist ekki trúá því að ráðherra átti sig ekki á ástandinu og hann skuli eyða tímanum í að tala við fólk út um allt þegar hann viti skoðun þeirra nú þegar. Konráð segir hvalveiðimenn hafa talað fyrir samstarfi við aðila innan ferðapjónustunnar. „Við höfum verið með útrétta hjálparhönd til þeirra en þeir hafa alltaf slegið á hana. Hvalaskoðunarbátar hafa elt hvalveiðiskipin til að skapa



vandræði. Þetta á að vera þannig að það á að höfða til skynsemi hvalveiði- og skoðunarmanna. Við eigum ekki að veiða þar sem hvalaskoðun fer fram,“ segir Konráð.

Konráð segir ráðherra hafa

sagst vera hlynntur veiðunum. „Ég átti mig ekki alveg á þessu. Ef hann er jafn hlynntur hvalveiðum eins og hann segir þá velti ég fyrir mér fyrir hvern hann er að tala. Er hann málpípa einhvers? Er hann hræddur við kerlingarnar

í flokknum sínum. Hvað erum að vera? Ég skil það ekki. Hann hefur allar upplýsingar um að koma ferðamanna til Íslands hefur stóruaúkst. Ég myndi segja að ferðamönnum fjölgi of skart,“ segir Konráð og bætir við að rykmengun sem fylgir þeim sé skaðleg fyrir landið.

„Allar gönguleiðir upp á fjöllum eru útskitnar því það eru ekki settir kamrar á gönguleiðir. Ég veit ekki hvern djöfulinn okkur liggur á. Hvað ætlum við að gera við eina milljón ferðamanna ef við erum ekki tilbúin að taka við þeim,“ segir Konráð.



Stjórn- og leikmenn BÍ/Bolungarvíku ásamt Dragan Kazic við undirskriftina.

Dragan ráðinn

BÍ/Bolungarvík hefur gert 2ja ára samning við þjálfarann Dragan Kazic. Stjórn félagsins og Dragan skrifuðu undir samninginn á veitingastaðnum Við Pollin á laugardag og er mikil ánægja innan raða BÍ/Bolungarvíkur með ráðninguna.

„Stjórnin er mjög ánægð með ráðningu Dragans og teljum við okkur hafa náð samkomulagi við topp þjálfara,“ segir Samúel Samúelsson, ritari BÍ/Bolungarvíkur. Dragan hefur starfað sem aðstoðarþjálfari Grindavíkur s.l. ár. Einnig var skrifað undir styrktarsamning við eigendur veitingastaðarins Við Pollinn.

Haukur í horni: How do you like Iceland?



Fara í mál við ríkið ef leyfi til hvalveiða verður afturkallað. „Ef þetta verður afturkallað liggur beint við að við förum í mál við ríkið, það liggur á borðinu,“ segir Konráð Eggertsson, hrefnuveiðimaður á Ísafirði, aðspurður um hvaða afleiðingar það hefði, ef sjávarútvegsráðherra afturkallar leyfi til hvalveiða.

Klofningur færir Nígíriubúum sjón

Klofningur ehf., á Suðureyri, hefur undanfarin fimm ár verið þátttakandi í því að um 12.000 Nígíriubúar hafa fengið sjónina aftur. Fyrirtækið hefur flutt skreið til landsins í tólf ár og hafði einn af stóru kaupendum þeirra samband og það þá um að taka þátt í þessu verkefni. „Þeir reka hjálparstarf sem heitir Tulsi Chanrai Foundation og kom upp hugmynd að við myndum styrkja þetta hjálparstarf. Fyrsta hug-

myndin var að við myndum styrkja uppsetningu vatnsbrunnna en svo var ákveðið að við myndum styrkja sérstaka deild sem gerir augnaðgerðir á blindu fólki. Blindan kallast Cataract og heitir á íslensku Vagl. Síðan hugmyndin kom upp hafa um fjórir gámar af skreið farið frá Íslandi til styrktar þessum aðgerðum. Það hafa allir gefið sitt í þetta verkefni, hræfnisaðilinn, verkafólkið, Klofningur, flutningsaðilinn, útflyt-

andinn, framleiðendurnir og innflytjandinn í Nígíri. Afraksturinn hefur farið óskiptur inn í þennan sjóð,“ segir Guðni A. Einarsson, framkvæmdastjóri Klofnings.

Salka-fiskmiðlun hefur safnað saman framlagi frá tólf framleiðendum á Íslandi. Guðni fór til Nígíriú s.l. haust, ásamt flestum hluthöfum Klofnings, á hátíð sem haldin var í tilefni þess að búið var að gera tólf þúsund aðgerðir

hjá stofnuninni sem þeir styrkja. „Þar af eiga íslensku styrktaraðilarnir um helming. Þar eru því um sex til sjö þúsund augu sem annars væru blind. Merkilegast við þetta er að þetta er fólk sem hefði annars engan möguleika á að fá svona aðgerð,“ segir Guðni.

Hann segir Klofning ætla að halda þessu verkefni áfram. Jafnframt tvöfalda samtökin í Nígíriú íslenska framlagið. Aðgerðin kostar sextíu dollara. „Það

er með öllu. Indversku lækarnir sem sjá um aðgerðirnar keyra út í þorpin og finna fólk með þessa ákveðna blindu og síðan koma þeir þeim á spítala. Aðgerðin er gerð og þurfa sjúklingarnir að liggja í viku á spítala. Svo koma þeir aftur eftir mánuð og aftur eftir þrjá mánuði. Allt þetta kostar sextíu dollara á auga. Við teljum okkur eiga þátt í að á annað þúsund augu sjá núna,“ segir Guðni. — *birgir@bb.is*

Vel heppnuð sýning hjá LL

Leik- og söngskemmtunin Við heimtum aukavinnu var frumsýnd fyrir fullu húsi í Edinborgarhúsinu á Ísafirði á föstudag. Verkið, sem er sett upp af Litla leikklúbbum í samstarfi við Kómedíuleikhúsið, er byggt á verkum bræðranna Jónasar og Jóns Múla Árnasona. Skemmtunin var eins og vítamínsprautu í hverfandi skammdeginu, full af gleði, hómor og slögurum sem alþjóð þekkir. Nafn leiksins er sótt í samnefndan slagara og er óhætt að segja að það eigi vel við í dag. Við heimtum aukavinnu hrífur áhorfandann með sér aftur í tímann fyrir tíð þjatts og tiskustrauma, útrásarvíkinga og krepputals.

Áhorfendur sungu, stöppuðu, klöppuðu og rugguðu sér í takt við lögin og mikil stemning var í salnum. Leikararnir virtust ekki síður skemmta sér konunglega uppi á sviðinu og óhætt að segja að frumsýningin hafi heppnast vel í alla staði enda stóðu áhorfendur upp í lok sýningar og lófatakinu ætlaði aldrei að ljúka.

Leikgerð og leikstjórn verksins var í höndum Elfars Loga Hannessonar og ætli það sé ekki óhætt að kalla hann vestfirskan Mídas því nánast allt sem þessi þúsundþjalasmiður leiklistarinnar kemur nærri verður að vestfirskri menningarperlu.

Sönglög Jóns Múla og Jónasar Árnasonar voru ein þau vinsælustu síðustu aldar og virðast þeir hafa hitt á einhvern tón sem þjóðin kunnir vel við. Flest lög þeirra bræðra voru samin fyrir söngleiki, þótt þau hafi ómað víðar alla tíð síðan, og var því gaman að sjá hversu vel þau áttu við söngskemmtun í dag. Við heimtum aukavinnu er því skemmtun sem óhætt er að mæla með. — *thelma@bb.is*



Frá sýningunni Við heimtum aukavinnu. Mynd: Ágúst Atlason.

Mat á raunfærni

Undirbúningsfundur að mati á raunfærni í iðngreinum verður haldinn í Fræðslumiðstöð Vestfjarða á Ísafirði, fimmtudaginn 12. febrúar kl. 20. Allir sem hafa áhuga á að gangast undir raunfærnimat eru hvattir til að mæta.

Skilyrði fyrir að geta gengist undir mat á raunfærni eru að viðkomandi sé orðinn 25 ára og hafi unnið við iðngrein í að minnsta kosti fimm ár.

IDAN - fræðslusetur og samstarfsaðilar

**Ertu orðin(n) áskrifandi?
Síminn er 456 4560**

Trésmiðjan skiptir um nafn

Trésmiðjan ehf., í Hnífsdal hefur skipt um nafn og heitir nú TH ehf. Að sögn Eiríks Finns Greipssonar, framkvæmdastjóra TH, var nafninu breytt í janúar. „Við notum ennþá nafnið Trésmiðjan í Hnífsdal sem undirheiti en ákváðum að breyta vegna þess að fyrirtækið er komið inn á Ísafjörð og svo er Trésmiðjan í Hnífsdal ekki eins þjátt í meðför við markaðsherferð eins og TH,“ segir Eiríkur Finnur Greipsson. Aðspurður um stöðu fyrirtækisins segir hann hana vera viðunandi miðað við fréttir og umhverfi. Hann segir helstu verkefni vera nokkur tilboðsverk sem fyr-

irtækið vinnur að um þessar mundir.

„Svo erum við reyndar að fara af stað með ákveðna stefnumörkun. Eigendurnir eru að gera upp við sig hvernig þeir geta eflt fyrirtækið og styrkt það. Við erum frekar bjartsýn á að við finnum leið til að vaxa og styrkjast,“ segir Eiríkur Finnur. Hann segir fyrirtækið hógvært í stefnumörkun og ætli að skoða sitt nánasta umhverfi og innanlandsmarkaðinn. „Við erum að fara af stað í auglýsingaherferð og erum að klára heimasíðu sem fer í loftið innan skamms. Við ætlum ekki að taka of stór skref í einu,“ segir

Eiríkur.

Hann segir tólf manns vera á launaskrá hjá fyrirtækinu. Verkstæðið sérhæfir sig í innréttingasmíði og hefur einnig tekið nokkur sérsmíðiverkefni fyrir stóra viðskiptavinum. Hann segir framboð á verkum ekki mikið og hafi snarbreyst fyrri part síðasta árs. „Fyrirtækið hefur unnið þó nokkra yfirtíð undanfarin ár og þurfum við að draga eitthvað úr henni en það er ekkert sem við þurfum að hafa áhyggjur af. Við erum frekar björt og vonandi fylgjum við því eftir með öflugri markaðssókn,“ segir Eiríkur Finnur.

Hefur stundað knattspyrnu frá fjögurra ára aldri

Andri Rúnar Bjarnason var útnefndur íþróttamaður Bolungarvíkur á dögum. Hann þótti sýna vaska framgöngu með meistaraflakksliði BÍ/Bolungarvíku s.l. sumar og var markahæsti leikmaður liðsins og einn mikilvægasti hlekkur þess. Andri var þá aðeins 18 ára en hann hóf að stunda knattspyrnu fjögurra ára gamall út í garði og fór í kjölfarið á sína fyrstu æfingu hjá UMFB. Hann segist aðspurður alltaf hafa haft áhuga á knattspyrnu og hafi það komið í gegnum fjölskyldu hans sem er mikil boltafjölskylda og þá aðallega eldri bróðir hans Óttar Kristinn, sem leikur einnig með BÍ/Bolungarvík. Hann segist ávallt hafa dreymt að verða atvinnumaður í knattspyrnu frá unga aldri og æska hans gekk út á íþróttina.

„Þetta var eiginlega bara fótbolti í þá daga og er enn. Foreldrar mínir studdu mig vel og mættu á öll mót með mér,“ segir Andri



Andri Rúnar ásamt foreldrum sínum, þeim Bjarna Jóhannssyni og Önnu Jörundsdóttur.

–Hver er skemmtilegasta minningin úr boltanum í gamla daga?
„Það var að vinna Ísafjörð í nágrannaslagnum.“

–Hverjar voru helstu fyrirmyndirnar þegar þú varst yngri?
„Það var David Beckham og Ronaldo (brasilíski). En í dag er

það Cristiano Ronaldo.“

–Ertu að æfa mikið í dag?

„Já, við erum nýkomnir með þjálfarann vestur og búnað fjórar æfingar með honum. Þannig að það er allt á fullu hjá honum í boltæfingum.“

–En æfir þú eitthvað sjálfur?

„Ég lyfti sjálfur og hugsa mikið um að halda mér í góðu formi til að vera í góðu ástandi í sumar.“

–Hvernig er að spila með BÍ/Bolungarvík?

„Síðasta sumar er eitt það skemmtilegasta sem ég hef upplifað. Það var mjög gaman.“

–Áttir þú von á að fá svona stórt hlutverk með liðinu?

„Ekki þegar ég var á undirbúningstímabilinu. En ég æfði mjög vel þá og sýndi miklar framfarir. Þetta kom mér ekki sérstaklega á óvart miðað við hvað ég æfði mikið.“

–Var þetta markmið hjá þér að verða fastamaður í byrjunarliðinu?

„Já, og hefur í rauninni alltaf verið það að verða fastamaður í byrjunarliðinu.“

Þú skoraðir 21 mark á síðasta tímabili. Áttiru von á því að skora svo mörg?

„Nei ég get ekki sagt það. Sérstaklega af því að ég spilaði á kantinum.“

–Hvað varð til þess að þér gekk svo vel fyrir framan mark andstæðinganna?

„Ég hafði að sjálfsögðu svo góða samherja sem lögðu upp mörg markanna. En maður þarf að sjálfsögðu að nýta færin sem manni býðst og ég gerði það þokkalega.“

–Áttiru von á að liðið færi upp um deild?

„Ég vissi svona nokkurn veginn að það myndi gerast því við vorum með svo góðan hóp.“

–En nú hefur oft verið þannig með vestfirsk lið að þegar á hölminn er komið nást ekki markmiðin og eitthvað fari úrskeiðis. Fannst þér vera öðruvísi hugarfar innan hópsins núna?

„Það var allt öðruvísi hugarfar innan hópsins. Við vorum staðráðnir í að fara upp og kom ekkert annað til greina.“

–Kom einhver tímunktur þar sem þú hélt að þessi ólukka væri að hellast yfir liðið?

„Það var kannski á móti Ými í úrslitakeppninni. Við þurftum að vinna með einu marki og skorðum það ekki fyrir en tíu mínútur voru eftir. En það var mjög góð tilfinning að klára þann leik.“

–En hvernig er að vera íþróttamaður Bolungarvíkur?

„Það kom mér verulega á óvart og átti ekki von á þeirri nafnbót. Þetta er samt mjög góð tilfinning og viðurkenning á árangrinum.“

–Hvaða eiginleika þarf góður knattspyrnumaður að hafa?

„Það er fyrst og fremst góður leikskilningur og mér finnst boltameðferð skipta gríðarlega miklu máli. Svo sakar ekki að hafa hraða og styrk líka.“

–Hverjir eru þínir helstu styrkleikar sem knattspyrnumaður?

„Það er hraði og boltatækni.“

–En veikleiki?

„Það er styrkurinn. Þess vegna er ég að reyna að styrkja mig með lyftingum. Ég hef fundið fyrir því að þegar ég fæ sterkari



Stjórnarkjör

Samkvæmt 15. gr. laga Verkalýðsfélags Vestfirðinga um stjórnarkjör er auglýst eftir listum eða tillögum um einstaklinga í stjórnarsæti vegna kjörs stjórnar og trúnaðarmannaráðs fyrir starfsárin 2009 til 2011 að viðhafðri allsherjar atkvæðagreiðslu.

Samkvæmt því ber að skila lista skipuðum formanni, varaformanni, gjaldkera, ritara og fjórum til vara ásamt 30 einstaklingum í trúnaðarmannaráð. Tveimur skoðunarmönnum reikninga og tveimur til vara eða tillögum um einstaklinga í eitthvert, einhver eða öll stjórnarsætin sem kjósa skal til samkvæmt lögum félagsins. Hverjum framboðslista eða tilögu skulu fylgja meðmæli minnst 25 fullgildra félagsmanna.

Listi stjórnar og trúnaðarmannaráðs liggur frammi á skrifstofu félagsins og er birtur á heimasíðu þess, www.verkvest.is.

Listum eða tillögum ber að skila á skrifstofu félagsins Pólgötu 2, Ísafirði, eigi síðar en kl. 12:00 á hádegisfimmfundaginn 26. febrúar 2009.

Ísafirði 12. febrúar 2009,
Stjórn Verkalýðsfélags Vestfirðinga.

menn í bakið eða öxl í öxl þá gef ég aðeins eftir. Yfirleitt hef ég sloppið við það með hraða en þá er maður oftast nær sparkaður niður.“

–En hvert er framtíðarmarkmið þitt í dag?

„Það er að spila í úrvalsdeildinni. Ég tel mig hafa góða möguleika á því markmiði. Ég held að það sé góð byrjun að spila með BÍ/Bolungarvík í annarri deildinni og sjá svo til hvort einhver taki eftir manni.“

–En hvernig finnst þér að stunda knattspyrnu fyrir vesta?

„Mér finnst mjög gaman að spila fyrir vestan en ég býst samt við að fara suður einhvern tímann. En það er gaman að spila fyrir heimaliðið, ég neita því ekki. Eins og að spila út í Vík er frábært þegar áhorfendurnir hvetja mann.“

–Fannst þér vera góð umgjörð í kringum liði í fyrra?

„Já, leikirnir voru auglýstir miklu betur og gert meira úr þeim. Það orsakaði betri mætingu áhorfenda og það hvatti mann til dáða. Þetta var í rauninni bara allt breytt hugarfarir í kringum liði sem skapaði þennan árangur. Maður fann fyrir miklum stuðningi frá áhorfendum og samfélaginu öllu.“

–En hvernig finnst þér að hafa bróðir þinn með þér í liðinu. Er mikil samkeppni á milli ykkar?

„Já, en hún er bara af því góða.



Andri Rúnar ásamt bolvíska íþróttafólkinu sem fékk viðurkenninu fyrir góðan árangur á íþróttsviðinu.

Það er mjög gaman að spila með honum og hann hefur hjálpað mér mikið,“ segir Andri Rúnar

Bjarnason, íþróttamaður Bolungarvíkur. Drengurinn er á níjtjándarári og með háleit markmið sem

skila sér vonandi í afburða knattspyrnumanni. Vestfirðingar geta fylgst með komandi afrekum

hans á vellinum með BÍ/Bolungarvík í sumar.

– birgir@bb.is

***VIÐ BORGUM ÞÉR - SKILMÁLAR.**

Upphæð inneignarnótu miðast við endanlegt verð. Þ.e. 10% af þeirri upphæð sem viðskiptavinur borgar. Tilboðið gildir af öllum vörum í Húsasmíðjunni og Blómavali að undanskildu steypustyrktarstáli, timbri, plötum og sérpöntunum. Inneignir eru einungis til úttektar í mars 2009.

VIÐ BORGUM ÞÉR

10% TIL BAKA í formi inneignar GILDIR TIL 18. FEBRÚAR.



10 ltr.
Veggmálning Jotaplast
Góð plastmálning með gljástig 7, beinhvít, 10 ltr.
7119800

Snjóskófla
Scandinavia, 1470mm, blað 340x340 mm.
5082364

Sturtutæki og sturtuset
Damixa 8000580
29.990



HÚSASMÍÐJAN
...skart máll

Spurningin

Átt þú séreignar-sparnað sem þú gætir hugsað þér að nota til að greiða niður lán?

Alls svöruðu 547.
Já sögðu 230 eða 42%
Nei sögðu 317 eða 58%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag: Útlit fyrir suðaustlæga átt með rigningu eða slyddu, en þurr að kalla suðaustanlands. Hiti 0-6 stig.

Horfur á laugardag: Útlit fyrir suðaustlæga átt með rigningu eða slyddu, en þurr að kalla suðaustanlands. Hiti 0-6 stig.

Horfur á sunnudag: Útlit fyrir suðaustlæga átt með rigningu eða slyddu, en þurr að kalla suðaustanlands. Hiti 0-6 stig.

Sparnaðarráð

Verslaðu aldrei þegar þú ert svöng/ svangur.

Skiptu á fötum við vini þína, sérstaklega barnafötum.

Útgefandi:

H-prent ehf.,
kt. 600690-1169,
Sólgötu 9, 400 Ísafjörður,
sími 456 4560, fax 456 4564

Ritstjóri:

Sigurjón J. Sigurðsson,
sími 892 5362, bb@bb.is

Blaðamenn:

Thelma Hjaltadóttir,
símar 456 4693 og 849
8699, thelma@bb.is
Birgir Olgeirsson, símar
456 4560 og 867 7802,
birgir@bb.is

Ritstjóri netútgáfu bb.is:

Sigurjón J. Sigurðsson

Ljósmyndari:

Halldór Sveinbjörnsson, sími
894 6125, halldor@bb.is.

Ábyrgðarmenn:

Sigurjón J. Sigurðsson
og Halldór Sveinbjörnsson
Lausasóluverð er kr. 400
eintakið með vsk. Veittur er
afsláttur til elli- og örorku-
lífeyrisþega. Einnig sé greitt
með greiðslukorti.

Önnur útgáfa:

Ferðablaðið
Á ferð um Vestfirði.
ISSN 1670 - 021X



Frá fundinum sem haldinn var á Hótel Ísafirði.

Námuvinnslu á Grænlandi frestað um óákveðinn tíma

Þú er að fresta námuvinnslu við Austur-Grænland vegna samdráttar á heimsvísu. Þetta kom fram í máli Halldórs Halldórssonar, bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar, á fundi sem hann efndi til með fulltrúum atvinnulífsins á Ísafirði á föstudag. „Ég gerði mönnum grein fyrir því að Ísafjarðarbær hefur sýnt mikið frumkvæði í þessu máli. Við höfum staðið vaktina mjög vel og það sem upp á vantar svo við getum gert betur

í þessu máli er að stjórnvöld bæti flugvallarmálin svo hægt sé að afgreiða vélarnar sem koma frá Grænlandi,“ segir Halldór. Engin svör hafa fengist frá stjórnvöldum um að bæta aðstöðuna á Ísafjarðarflugvelli og segist Halldór vonast eftir að fá skýr svör áður en vorar, hvernig staðið verður að þessu máli að hálfu stjórnvalda.

Hann segir fundinn hafa verið góðan en 39 fulltrúar atvinnu-

lífsins til hans. „Þetta var upplýsandi fundur að mati þeirra sem sóttu hann og var kallað eftir að það yrði áframhald á slíkum fundum. Við ræddum fyrirætlanir stjórnvalda um jöfnun flutningskostnaðar og ég gerði fundarmönnum grein fyrir því að það er gert ráð fyrir því í fjárlögum að jafna flutningskostnað og það er ekki gott því hann er of hár. Mér finnst eðlileg krafa að stjórnvöld fari út í jöfnun flutnings-

kostnaðar á næstunni,“ segir Halldór.

Farið var yfir verkefnastöðu sveitarfélaga á norðanverðum Vestfjörðum. „Ég gerði grein fyrir hvaða verk Ísafjarðarbær, Bolungarvík, og Súðavík eru að fara út í en þetta eru verk upp á 460 milljónir króna. Svo er ýmislegt fleira í gangi varðandi vegagerð. Það er auðvitað minni verkefnastaða en ég vonast til að þetta komi á móti,“ segir Halldór.

Ritstjórnargrein

Til þess eruð þið kjörnir

Hafi einhver gert sér vonir um að þegar pottaglamrið við styttna af frelsishetjuni fyrir framan Alþingishúsið hljóðnaði, myndi einhuga þjóð snúa bókum saman og einhenda sér að þeirri gifurlegu þolraun sem framundan er við að endurheimta stöðu okkar í samfélagi þjóðanna; umskipta frá því að vera ein ríkasta þjóð heims yfir í að hafa í raun ekki hugmynd um hvað við skuldum, hvað biður arftakanna.

Til þessa hefur ekki vantað hughreystingar á borð við þær að kreppa sé jarðvegur nýrra hugmynda og að nú sé mest um vert að við lærum af reynslunni. Sjálfsagt af góðum vilja mælt. Líklegt er að kreppan geti orðið jarðvegur nýrra hugmynda, sem síðar skila sér í batnandi þjóðfélagi. Fátt bendir hins vegar til að við munum lærum af reynslunni. Um það vitnar umræðan þar sem hver höndin er upp á móti annarri og spekingarnir segja hverir aðra í besta falli flón.

Ef til vill er hið háa Alþingi átakanlegasta dæmið um að neyðin kenni ekki naktri konu að spinna. Hástemdar yfirlýsingar stjórnmalaleiðtoga við upphaf bankahrunsins, um að nú yrðu menn að slíðra sverðin, nú væru allir í sama liði, nú yrði að sameina krafta til endurreisnar, eru orðnar hjóm. Að fyrsti dagur þinghalds, eftir myndun nýrrar ríkisstjórnar, færi að mestu í rifrildi um yfirráðarétt yfir forsetahamri þingsins er ekki sæmandi þjóðþingi, miðað við þær aðstæður sem uppi eru í samfélaginu. Þótt allir vilji „Lilju“ kveðið hafa leiðir ágreiningur um höfundarétt að lagafrumvörpum um

greiðsluáðlögun -skuldalaðlögun - vonandi ekki til þess að fjöldi fólks lendi á vergangi. Það væri dýrkeyptur „þingmannsheiður“ svo ekki sé kveðið sterkara að orði.

Samdráttur og niðurskurður eru mikið notuð orð um þessar mundir. Í því sambandi er bent á mikla útpenslu ríkisbáknans, þar sem reyndin er að margar greinar spruttu í „þéttbýliskjarnanum“ í hvert skipti sem höggvið var af á landsbyggðinni. „Róm var ekki byggð á einni nóttu og vonandi sjáum við betrum bætur sem fyrst“ var svar fjármálaráðherra (2006) við harðri gagnrýni Ríkisendurskoðunar á milljarða framúrkeyrslu einstakra ráðuneyta miðað við fjárlög. Já, ráðherra kvaðst meðvitaður um vandann, en oft gæti verið vandí að venja menn af ósiðum! Í þeim þrenginum sem nú steðja að þjóðinni eru ráðamenn vonandi ekki haldnir þeim siðferðisvanda sem ráðherrann tilgreindi?

Afæturnar á ríkistrénu eru margar og af margvíslegum toga. Meðan allt lék í lyndi og ríkið, líkt og svo margir, vissi ekki aura sinna tal var sofið á verðinum. Nú verða menn að vakna, taka til hendinni. Verkefnið blasa við hvert sem litið er: Herdeildir sendiherra, atkvæðasmalar þingmanna (aðstoðarmenn á fagmáli) hundruðir launaðra verkefnalausra nefnda og svo mætti lengi telja.

Þingmenn: Hættið að deila um keisarans skegg. Takið til hendinni! Til þess voruð þið kjörnir á þing. s.h.



Börn Marsellúsar Bernharðssonar og Albertu Albertsdóttur voru viðstödd opnun sýningarinnar. Frá vinstri: Messjana, Högni, Kristín, Þróstur og Jónína.

Saga skipasmíða í máli og myndum

Sýning á skipasmíði Marsellúsar Bernharðssonar var opnuð í Safnahúsinu á Ísafirði á laugar- dag. Kristján G. Jóhannsson, viðskiptafræðingur á Ísafirði, tók sýninguna saman sem samantendur af myndum af þeim skipum sem Marsellús smíðaði, fréttapunktum og sögu. „Þetta einkorðast við nýsmíði Marsellúsar frá 1936 til 1977,“ segir Kristján sem vann að sýningunni frá seinni part s.l. sumars. Sýningin er styrkt af Menningarráði Vestfjarða.



Einar Valur Kristjánsson, framkvæmdastjóri HG, Einar Jónatasson skoða sýninguna undir leiðsögn Kristjáns G. Jóhannssonar.



Kristján G. Jóhannsson og Áslaug J. Jensdóttir.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma

Theódóra Kristjánsdóttir
Bakkavegi 13, Hnífsdal

sem lést föstudaginn 6. febrúar sl., á blóðlækningadeild Landspítalans við Hringbraut, verður jarðsöngin frá Ísafjarðarkirkju, laugardaginn 14. febrúar kl. 14:00.

Haldóra Elíasdóttir	Guðmundur Kr. Thoroddsen
Sigríður Inga Elíasdóttir	Svavar Geir Ævarsson
Finnbjörn Elíasson	Gyða Björg Jónsdóttir
Guðmunda Elíasdóttir	Fríðrik Óttar Fríðriksson

Bóthildur slær í gegn

Heimilisbókhaldið Bóthildur er nú farið að streyma inn á heimili landsmanna, en Súðavíkurreppur færði öllum íbúum sveitarfélagsins forritið að gjöf fyrir skemmstu. Nokkur sveitarfélög hafa nú fengið Bóthildi til að dreifa frítt til sinna íbúa en einnig keypti Rafiðnaðarsambandið 600 stykki til að gefa sínum viðskiptavinum.

Jafnframt eru fleiri sveitarfélög, bankar og stofnanir ýmskonar að skoða það að koma Bóthildi til sinna skjólstæðinga/viðskiptavina. „Þetta hefur farið langt framur vonum og bara mjög gaman að því“, segir Þorsteinn Örn Gestsson hönnuður Bóthildar.

Byggðin í hættu

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar leggur áherslu á að Vega-gerðin taki nú þegar á sjóvarnarmálum við Pollgötu á Ísafirði. Þetta kemur fram í tillögu að bókun sem vísað hefur verið til afgreiðslu í bæjarstjórn.

„Byggð á Eyrinni á Ísafirði er í hættu vegna sjógangs þar sem sjóvörnin við Pollgötu virkar ekki nægjanlega vel. Auk þess er hæð Pollgötunnar meiri en annarra hluta Eyrarinnar þannig að Pollgatan heldur sjó að byggingum á Eyrinni eftir að flætt hefur yfir hana. Við þessu þarf að bregðast strax, áður en stórtjón verður,“ segir í tillögunni.

Súgfirðingar frjósamir

Súgfirðingar eru óvenju frjósamir um þessar mundir en tólf börn fæddust á Suðureyri á síðasta ári. Von er á sex börnum hjá tilvonandi súgfirskum mæðrum í ár og hafa tvö þeirra fæðst nú þegar. Verður það að teljast talsvert mikið er horft er til þess að íbúafjöldi á Suðureyri var aðeins 304 á síðasta ári.

Eins og fram hefur komið var 2008 mjög frjósamt ár hjá Vestfirðingum og því skyldi engan undra að Súgfirðingar hafi tekið þátt í því. 73 börn litu dagsins ljós á Fjórðungs-sjúkrahúsinu á Ísafirði árinu.



Inn að beini

Guðbjartur Flosason, framleiðslustjóri

Guðbjartur Flosason er framleiðslustjóri hjá fiskvinnslufyrirtækinu Jakobi Valgeir ehf., í Bolungarvík en er hann svaraði spurningum BB inn að beini kom í ljós að draumastarfið væri að verða atvinnumaður í golfi enda er það aðal áhugamál hans.

Afdrifaríkasta ákvörðun lífs þíns?

Að byrja í golfi.

Hvar langar þig helst að búa?

Bolungarvík.

Hver var hamingjusamasta stund lífs þíns?

Fæðingardagur barnanna.

Mestu vonbrigði lífs þíns?

Að vera ekki kominn niður fyrir 0 í forgjöf.

Mesta uppgötvunin í lífi þínu?

Feta ostur.

Uppáhaldslagið?

Krókurinn.

Uppáhaldskvikmyndin?

Shawshank Redemption.

Uppáhaldsbókin?

Tár bros og takkaskór var snilld.

Ógleymanlegasta ferðalagið?

Til Dóminíska lýðveldisins.

Uppáhaldsborgin?

Barcelona.

Besta gjöfin?

Börnin.

Telur þú að líf sé á öðrum hnöttum?

Nei.

Hvaða hlut geturðu alls ekki verið án?

Internetsins.

Fyrsta starfið?

Fiskvinnsla.

Draumastarfið?

Atvinnumaður í golfi.

Hvaða frægu manneskju hefur þér verið líkt við?

Jesú.

Fallegasti staðurinn á Íslandi?

Seyðisfjörður í Ísafjarðardjúpi.

Sköndnasta upplifun þín?

Þegar Garðar svaf bakvið hús.

Aðaláhugamálið?

Golf.

Besta vefsíðan að þínu mati?

mbl.is.

Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú yrðir stór?

Hafði ekki hugmynd.

Hver er þinn helsti kostur að þínu mati?

Ákveðinn.

En helsti löstur?

Skapið.

Besta farartækið?

Range Rover.

Hver er uppáhaldshátíðin þín?

Páskar.

Hvaða manneskju lítur þú mest upp til?

Pabba.

Ef þú mættir heita hvað sem er, hvað myndirðu heita?

Er stoltur af mínu nafni.

Á hvaða tíma sólarhrings kanntu best við þig?

Í kvöldmatnum ef það er eitthvað gott í matinn.

Í hvaða stjörnumerki ertu?

Hrútur.

Lífsmottóið þitt?

Hver er sinn eigin gæfu smiður.



Fjöldmenni á Stútungi

Stútungur, árlegt þorra-
blót Önfirðinga, var haldið
með pomp og prakt í
íþróttahúsinu á Flateyri á
laugardagskvöld. Fjöldi
manns voru þar saman
komin til að gæða sér á
ljúfum þorramat og hlýða
á vönduð og metnaðarfull
skemmtiatriði. „Gorgeir

og Lichtenstein Holding
Group voru þeir kallaðir sem
sáu um skemmtiatriðin sem
voru með afbrigðum góð“,
segir Ívar Kristjánsson einn
af skipuleggjendum blótsins.
Matreiðslumenn veitinga-
staðarins Við Pollinn reiddu
fram girnilegar kræsingar.
Að loknu borðhaldi lék

hljómsveitin Kraftlyfting
fyrir dansi og skemmtu menn
sér konunglega að sögn Ívars.
„Allt gekk alveg ljómandi vel
og þetta var eiginlega bara
alveg stórkostlegt.“ Páll Ön-
undarson lét sig ekki vanta á
blótið og tók þar meðfylgj-
andi myndir. Fleiri myndir
munu birtast á bb.is.



Ákvörðun ráðuneytisins um stofnun lögbýlis í Leiru ekki afturkallanleg

Sjávarútvegs- og landbúnaðar-ráðuneytið segir það ekki koma til greina að endurskoða þá ákvörðun að heimila stofnun lögbýli á jörðunum Kjós og Leiru í Jökulfjörðum. „...Afturköllun stjórnvaldsákvæðana að frumkvæði stjórnvalds getur einungis átt sér stað sé það ekki til tjóns fyrir aðila eða sé ákvörðun ógildanleg sbr. 25 gr. stjórnsýslulaga“, segir í bréfi sem ráðuneytið hefur sent Ísafjarðarbæ vegna fyrirspurnar bæjaryfirvalda um hvort ráðuneytinu hafi ekki verið kunnugt um afstöðu Ísafjarðarbæjar til þess að stofna lögbýli á jörðunum Kjós og Leiru og hvort til greina komi að endurskoða þá ákvörðun.

Eins og greint hefur verið frá segist sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið ekki hafa fengið umsögn frá Ísafjarðarbæ varðandi stofnun lögbýlis í Leirufirði í Jökulfjörðum þrátt fyrir að hafa óskað eftir henni. Umhverfis-

nefnd bókaði í tvisgang, fyrst í maí 2006 og síðan sl. apríl, að hún teldi engin rök til að taka efnislega afstöðu til málsins, en efaðist um að skynsamlegt væri að hefja búrekstur á þessu svæði. Var bókunin tilkynnt umsækjandanum að stofnun nýs lögbýlis með stað. „Hér er til þess að líta að bréfið frá 28. apríl sl. hafði ekki að geyma umsögn sveitarstjórnar, eins og áskilið er í laga-greininni heldur einungis tilkynningu starfsmanns bæjarins um þessa takmörkuðu bókun um umhverfisnefndar. Af þeirri ástæðu taldi ráðuneytið rétt að leita umsagnar sveitarstjórnar Ísafjarðarbæjar“, segir í bréfi ráðuneytisins.

Þar segir jafnframt að þegar beiðni um umsögn var ítrekuð var vakin athygli á skyldu stjórnvaldshafa til að taka ákvörðun þótt umsagnar lögboðins umsagnaraðila yrði ekki aflað. Ráðuneytinu barst ekki svar við ítrek-



Horft niður í Leirufjörð.

uninni.

„Rétt er að vekja athygli á því að ráðuneytið hefur ekki aðeins valdheimild til að stofna lögbýli til landbúnaðar heldur einnig til „annarrar atvinnustarfsemi“ og að jarðalögin gilda um öll lög-

býli, án tillits til þess hvaða skipulag gildir um land þeirra“, segir í bréfi ráðuneytisins. Í umsögn umsækjanda kemur fram að hann hafi áform um að stunda landgræðslu og skógrækt á landinu, en það hafi hann raunar gert frá

árinu 1964. „Að virtu framan-greindu og úrlausn sambærilegra mála taldi ráðuneytið að umsækjandi ætti lögvarinn rétt á að honum yrði heimiluð stofnun lögbýlanna.“

– *thelma@bb.is*

Eignir Hestamannafélagsins Hendingar metnar á 46,5 milljónir króna



Góð íbúð til sölu Tilboð óskast

Um er að ræða 77m², tveggja herbergja íbúð við Urðarveg 78 á 3. hæð. Endurbætur hafa átt sér stað s.l. ár. Nýlokið er t.d. utanhússviðgerð og málun, skipt var um allt gler o.fl. Í sameign ersameiginlegt hjóla-vagna- og þvottaherbergi. Gott útsýni úr íbúðinni og af svölum. Nýleg húsgögn fylgja með ef samið er strax.

Upplýsingar í síma 893 7124. Vinsamlega sendið mail á h34@simnet.is og við sendum jpg myndir og upplýsingar.

Hestamannafélagið Hending krefst þess að mat Tækniþjónustu Vestfjarða verði lagt til grundvallar við útreikning bóta fyrir eignir félagsins á Búðartúni í Hnífsdal, en eignir og skeiðvöllur félagsins fara undir framkvæmdasvæði við Bolungarvíkurgöng. Ísafjarðarbær hafði ítrekað þá ósk við forsvarsmenn Hendingar að matsmenn yrðu fengnir til að meta eitur félagsins en í ljósi þess að allar eignir þess hafa verið afmáðar af Búðartúni, sér Hending ekki tilgang í að fá mats-

menn til að geta sér til um kostnaðarmat eigna félagsins.

Kostnaðaráætlun Tækniþjónustu Vestfjarða var rúmar 36 milljónir miðað við byggingar-vísitölu 13. maí 2008. Ótalið í úttekt Tækniþjónustunnar eru kennslugerði, vegslóðar, bílastæði, tungirðing og undirbúningur jarðvegs fyrir sáningu. Samkvæmt kostnaðarmati Hendingar eru þessir liðir metnir á rúmar níu milljónir króna. Því er mat eigna félagsins á Búðartúni 46,5 milljónir.

Bæjarráð samþykkir að erindið verði sent Vegagerð ríkisins til skoðunar og umsagnar, vegna þess að þegar Ísafjarðarbær gaf út framkvæmdaleyfi við Bolungarvíkurgöng var gert ráð fyrir, að Vegagerðin myndi bæta það tjón, sem verður vegna framkvæmdanna. Bæjarráð ítrekar að frá upphafi málsins hefur Ísafjarðarbær boðið bætur með þeim hætti, að byggður verði nýr skeiðvöllur á nýju athafnasvæði Hendingar í Engidal.

– *birgir@bb.is*

Dæmdur fyrir eignaspjöll

Ungur karlmaður var á dögum sakfelldur í Héraðsdómi Vestfjarða fyrir þjófnað, eignaspjöll og umferðarlagabrot. Var hann dæmdur í tveggja mánaða fangelsi, en fullnustu refsingarnar er frestað skilorðsbundið í tvö ár. Þá var drengurinn jafnframt sviptur ökurétti í eitt ár fyrir að neita að veita atbeina sinn við rannsókn máls á ætluðu broti hans fyrir akstur undir áhrifum ávana- og fikniefna, en hann

neitaði að láta lögreglu í té þvag-sýni.

Manninum var gert að sök að hafa slegið með krepptum hnefa í skjágler í hraðbanka Glitnis á Ísafirði, með þeim afleiðingum að það brotnaði. Einnig mun hann hafa stolið samtals ellefu ljóskösturum af tveimur bifreiðum.

Við ákvörðun refsingar var lit-ið til þess að maðurinn játaði brot sín skýlaust fyrir dómi og að

auki að hann hafi verið 17 ára þegar brotin voru framin. Hins vegar rauf hann með brotum sínum þriggja ára skilorð frá því í mars á síðasta ári sem hann hlaut fyrir líkamsárás.

Manninum var gert að greiða tæpar 250.000 krónur vegna ljóskastaranna sem hann stal og skemmdanna sem hann olli á hraðbankanum auk tæplega 100.000 krónur í sakarkostnað.

– *thelma@bb.is*



Hæstikaupstaður klæddur að utan

Endurbætur standa yfir á gamla verslunarhúsnæðinu í Hæstakaupstað á Ísafirði og annast G.Ó.K. húsasmiði í Bolungarvík framkvæmdirnar. Eru starfsmenn fyrirtækisins að ganga frá klæðningu á suður- og vesturgafli hússins og síðar verður farið í að klára hinar hliðar þess. Að sögn Guðmundar Óla Kristinssonar, annars eiganda G.Ó.K., er húsið fremur illa farið og var suðurgafflurinn illa fúinn. Haldið er í allar gömlu smíðahæfirnar við endurbæturnar og stuðst við upprunalegar teikningar. Á döfnni hjá G.Ó.K. eru endurbætur á Salthúsinu á Þingeyri og vonast Guðmundur Óli til að þær geti hafist í mars en það fer þó eftir veðri og vindum.

– birgir@bb.is



Starfsmenn G.Ó.K. að störfum.

Framkvæmdastjóra Fasteigna Ísafjarðarbæjar ehf., sagt upp störfum

Framkvæmdastjóra Fasteigna Ísafjarðarbæjar ehf. hefur verið sagt upp störfum. Að sögn Halldórs Halldórssonar, bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar, var sett hagræðingarkrafa á Fasteignir Ísafjarðarbæjar eins og aðra og er stjórn félagsins búin að vinna töluverðan hluta af þeim kröfum og búin að taka sínar ákvarðanir. „Fasteignir Ísafjarðarbæjar voru stofnaðar fyrir fimm árum til að afmarka málaflökkinn en það var alltaf með því fororði að þær ættu að leggja sjálfa sig niður.

Eignum þeirra hefur fækkað verulega frá því þegar mest var og ég vil segja að Fasteignir Ísafjarðarbæjar, bæði stjórn og starfsmenn, hafa staðið sig einstaklega vel í að vinna úr þessu máli. Það er auðvitað mikið eftir en það sem búið er að gera er mjög vel gert. Við höfum ekki talað um að leggja niður Fasteignir Ísafjarðarbæjar en það er verið að hagræða þar eins og annars staðar,“ segir Halldór. Aðspurður hvort fráfarandi framkvæmdastjóri stofnunarinnar fái

nýtt hlutverk hjá sveitarfélaginu segir Halldór ótímabært að tjá sig um það.

„Hans staða er laus eftir nokkra mánuði og auðvitað eru miklar breytingar framundan og kemur ýmislegt til greina. En það er ótímabært að tjá sig um það frekar um það. Það eru fullt af hugmyndum í gangi og við höfum beðið um þær frá stjórnendum. Það borgar sig ekki að segja frá þeim á meðan þetta eru bara hugmyndir og margar þeirra verða ekki framkvæmdar,“ segir Halldór.

Halldór segir sveitarfélagið vilja reiða sig á starfsmannaveltu fremur en að segja upp fólki en það sé lítil velta við núverandi aðstæður. „En einhverjir hætta sökum starfsaldurs. En það er svo margt sem er verið að skoða núna að það er ótímabært að ræða þær opinberlega. Sameining þjónustu og sameining stofnanna koma til greina en ég ítreka það að greining þessarar hagræðingarkröfu stendur yfir núna og svo er það hlutverk bæjarstjórnar að

fara yfir hana. Það hefur ekkert verið ákveðið hvornig staðið verður að þessum 200 milljóna króna niðurskurði. Við höfum lýst því yfir að við ætlum að standa vörð um grunnþjónustuna og við ætlum að standa við það. En hins vegar útilokum við ekki breytingar á þjónustunni,“ segir Halldór.

Samkvæmt heimildum blaðsins er von á uppsögnum hjá sveitarfélaginu og koma þar til greina nýtilkomin störf hjá Ísafjarðarbæ.

– birgir@bb.is

Úr tónlist í ljósmyndun

Það er mikið um tónlist í fjölskyldu Pjéturs Geirs Óskarssonar frá Ísafirði. Hjá honum sjálfum hefur tónlistariðkun hins vegar á síðari árum horfið í skuggann af annarri listgrein sem á hug hans allan, ljósmyndun. Erling Sörensen afi Pjéturs Geirs í móðurætt hefur við ótal tækifæri komið fram sem flautuleikari og hefur einnig verið starfandi tónlistarkennari á Ísafirði. Rúnar Þór Pétursson tónlistarmaður er föðurbróðir Pjéturs Geirs. Einn helsti lærifaðir hans í ljósmyndun er Ísafirðingurinn Sigurður Hallbjörnsson, öllu betur þekktur sem Spessi.

Pjétur Geir Óskarsson er fæddur á Ísafirði á nýársdag 1972 og þess vegna farinn að halla mjög í fertugt. Hann átti heima á Ísafirði til sautján ára aldurs og var farinn að spila í pönkhljómsveitum kringum ellefu-tólf ára aldurinn með miklu eldri strákum og spilaði á bassa eins og löngum síðan.

Litla færni þurfti í pönkið

„Arnar Óskarsson bróðir minn er tveim árum eldri en ég og var eitthvað byrjaður í hljómsveitastússi og keypti sér bassa. Þá hefur hann kannski verið svona tólf ára. Ég fór að reyna að spila á bassann hjá honum og varð eiginlega strax betri en hann. Ég var fljótlega orðinn liðtækur í hljómsveit, en menn þurftu nú ekki að kunna mikið að spila á þessum tíma til að vera liðtækir í pönkhljómsveitir! Það var eiginlega nóg að hafa viljann til að spila. Fyrir utan hanakambinn og leðrið og gaddana og allt það, sem var miklu meira atriði en að kunna að spila.

Fyrsta hljómsveitin sem ég var í heima á Ísafirði hét Hrer. Við spiluðum held ég einu sinni á skólaballi í barnaskólanum. Svo var ég í hljómsveit sem hét Tilviljun og við spiluðum einu sinni eða tvisvar að mig minnir á hljómleikum í Alþýðuhúsinu með fleiri ísfriskum hljómsveitum, Andstæðu og einhverju svona liði. Það var mikil gróska og



margir unglingsguttar í hljómsveitum á Ísafirði á þessum tíma. Mér fannst yfirleitt óskaplega gaman heima á Ísafirði frá því að ég var svona ellefu ára og þangað til við fluttum burtu.

Ég lærði svo að spila á gítar þegar ég var í heimavist á Reykja-skóla í Hrítafirði. Við Gústi vorum herbergisfélagar [Ágúst G. Atlason, kunnur og mjög fær áhugaljósmyndari og margmiðunarhönnuður hjá Snerpu á Ísafirði]. Ég get alveg spilað bæði á bassa og gítar og svo hef ég líka aðeins gutlað við að spila á

trommur.“

Krókar á lífsleiðinni

Pjétur Geir fluttist til Vestmannaeyja þegar hann var sautján ára og var þar í tvö-þrjú ár.

„Það gerðist nú ekkert merkilegt í mínu lífi þar, nema hvað frá sautján ára aldri og fram yfir tvítugt átti ég í mjög miklum vímuefnavanda. Ég fór í meðferðir og var í bölvuðu rugli og var eiginlega kominn á götuna í Reykjavík.

Svo giftist ég og hætti þessu

rugli og fór fljótlega að vinna í tölvum, hjá Aco, Tæknivali, Tölvuvirkni, Hugsmiðjunni við vefsíðugerð og svo núna aftur hjá Tölvuvirkni. Síðan eignaðist ég barn með þessari fyrri eigin konu minni, sem heitir Dána Ósk Óskarsdóttir. Dóttir okkar er níu ára gömul og heitir Amanda Líf Pétursdóttir. Við Dána Ósk bjuggum saman í áratug, ég vann í tölvubransanum og gekk bara nokkuð vel. Svo skildum við fyrir um fimm árum. Fljótlega upp úr því byrjaði ég að fást við ljósmyndun.“

Smitaðist af kærustunni

– Og hvað skyldi einkum hafa orðið til þess?

„Unnusta mín sem þá var, Heiða Helgadóttir, sem er núna ljósmyndari hjá Birtingi og virt í því starfi, hún smitaði mig af þessari ljósmyndadelli. Ég fílaði þetta alveg sem mitt form, ég upplifði mig alltaf sem missskilinn listamann eða eitthvað svoliðis, ef það hljómar ekki of asnalega, en ég hef alltaf haft

þörf fyrir að gera eitthvað skapandi, eins og líka í músikinni. Á tímabili reyndi ég að teikna og mála en fann mig ekki alveg í því. En ljósmyndunin fannst mér smella rosalega vel fyrir mig. Síðan hef ég verið mikið í henni.

Ég hef unnið dálítið fyrir Spessa, hjálpaði honum til dæmis að skanna inn af filmum myndirnar í bókina sem hann gaf út síðast, Location. Hann var eiginlega minn lærifaðir í ljósmynduninni lengi vel. Ég hafði afnot af hans aðstöðu og hann kenndi mér mikið, kenndi mér að framkalla filmur og allt í kringum það, og smitaði mig af gamaldags filmuljósmyndun, að taka á svart-hvítar filmur og framkalla sjálfur. Ég tek nánast allar myndir þannig í dag.

Þó að ég sé ekki atvinnuljósmyndari hef ég haldið eina einkasýningu á Mokka sem bar heitið Undir rauðum geisla og tekið þátt í einni samsýningu. Mig langar mikið að halda sýningu á heima Ísafirði því að ég skilgreini mig alltaf mikið sem Ísfirðing. Þó að ég sé fluttur þaðan fyrir tuttugu árum hef ég rosalega sterkar taugar til Ísafjarðar. Ég ætla einmitt að fara þangað um páskana og það er aldrei að vita nema ég athugi möguleikana á því að halda þar sýningu þá.“

Úkraína er annar heimur

Í dag er Pjetur Geir giftur konu frá Úkraínu sem heitir Lyudmyla Gladkaya Óskarsson. „Við kynntumst hérna heima, hún var búin að vera hér um tíma. Við erum búin að vera gift í rúmlega tvö ár og það gengur bara mjög vel. Ég hef tvisvar sinnum farið þangað austur í heimsókn til fjölskyldunnar. Á sýningunni á Mokka voru einmitt myndir sem ég tók þar. Mest af þeim myndum eru teknar í litlum kolanámubæ í Austur-Úkraínu, svona basic svart-hvítar myndir.

Þetta er allt annar heimur en hjá okkur hér á Íslandi. Mér fannst gaman að koma þarna og sjá lífið frá öðru sjónarhorni og hvernig fólk hefur það annars staðar í heiminum. Ég er aðeins að byrja að læra rússnesku. Mig langar að læra hana vel og geta alveg talað hana því að við komum til með að fara oft á heimaslóðir Lyudmylu í Úkraínu. Mig langar að ferðast meira þar. Þarna er svo mikið af spennandi myndefni.“

Eiginlega hættur að spila

– En hvað með músíkina? Ertu hættur að spila?

„Já, eiginlega. Ég var síðast bassaleikari í hljómsveit sem hét Rhondda and the Runestones, hana má finna á Myspace, en

starfaði að vísu ekki mjög lengi. Við spiludum nú dálítið og komum fram á Airwaves 2007 og það var eiginlega endapunkturinn á þeirri hljómsveit að spila þar. Við gáfum út fjögurra laga plötu. Í þessari hljómsveit voru tveir Ísfirðingar, auk mín var Einar Johnson í henni.

En ég hef rosalega gaman af músík. Hún hefur alltaf verið mjög mikilvægur þáttur í mínu lífi, að hlusta á músík og pæla í músík. En það þarf mikinn tíma til að sinna því af einhverri alvöru að búa til músík. Það er erfitt að vera samtímis góður ljósmyndari og góður tónlistarmaður.“

– Hvaða tónlist er í uppáhaldi hjá þér?

„Fyrst myndi ég nefna Nick Cave. Annars hlusta ég á mjög breitt svið af tónlist. Til dæmis hlusta ég mikið á klassísk. Líka dægurtónlist, rokk og pönk og svo framvegis.“

Eingöngu í svarthvítu núna

– Fyrir utan Spessa auðvitað, áttu einhverjar sérstakar myndir í ljósmynduninni eða uppáhöld í þeirri grein?

„Hér heima er RAX gaur sem maður ber mikla virðingu fyrir. En minn uppáhaldsljósmyndari myndi sennilega vera Robert Mappelthorpe.

Ég tók þá ákvörðun í sambandi við ljósmyndunina fyrir svona hálfu ári, að gera bara svarthvítar myndir. Kannski á ég eftir að bakka með þetta einhvern tímann, en allavega er þetta það sem ég ákvað að gera núna. Ég er að þróa minn stíl, mín sérkenni, þannig að ef þú sérð mynd eftir mig, þá er takmarkið hjá mér að þú sjáir að sjá að hún er eftir mig. Svo hugsa ég líka mikið í seríum. Þær hugmyndir sem ég fæ eru yfirleitt seríur.“

– Spessi hefur tekið magnaðar seríur.

„Já, hann tók á sínum tíma bensinstöðvamyndaröðina frægu. Svo gerði hann líka mjög flotta seríu fyrir vestan sem heitir Hetjur. Það er ein af mínum uppáhaldsseríum sem hann hefur gert. Svarthvít með myndum af fólki á Ísafirði.“

Pjetur og zeranico

Pjetur Geir heitir í höfuðið á afa sínum, Pétri Geir Helgason, sem lengst af var búsettur á Ísafirði. En hvers vegna stafsetur hann nafnið sitt Pjetur en ekki Pétur eða þá Pjetur eins og sumir gera? Er það einhver sérviska?

„Það má alveg segja það. Ég hef annars ekki tekið mér neitt listamannsnafn. Í netheimum kalla ég mig samt zeranico. Þetta orð merkir ekkert sérstakt, er bara eitthvert orð sem ég bjó til og hvergi til annars staðar. Ég bjó



Lyudmyla Gladkaya Óskarsson, eiginkona Pjéters Geirs (2008).

þetta til þegar ég fór inn á heimabanka í fyrsta skipti. Þá þurfti ég einhverra hluta vegna að búa til notandanafn sem byrjaði á z. Þetta er bara nikkneim.“

– Kannski heldurðu einhvern tímann ljósmyndasýningu undir nafninu zeranico?

„Nei, ég hugsa að ég láti þetta frekar feida út. Ég nota ekki þetta nafn í hinum raunverulega heimi. Þetta er bara mitt annað sjálf í netheimi.“

Fyrir þá sem vilja kynna sér Pjetur Geir í netheimum, bloggið hans, heimasíðu á eigin léni og

myndavef eru slóðirnar blog.zeranico.com – zeranico.com – flickr.com/zeranico.

Portrett af Helga Hóseassyni

Þó að Pjetur Geir segist ekki vera atvinnuljósmyndari hefur hann verið að taka kynningarmyndir fyrir leikhús og á plötukover, einu sinni tók hann myndir í kynningarefni fyrir einhvern skóla og eitt og annað. Hann nefnir sérstaklega mjög flott plötukover fyrir hljómsveitina

Atómstöðina. Það er portrett af Helga Hóseassyni, mótmælendinum gamla og landsþekktu sem hefur verið rödd hrópandans í eyðimörkinni í Reykjavík í marga áratugi.

Og nú er að sjá hvort sá draumur Pjéters Geirs Óskarssonar rætist, að halda sýningu á ljósmyndum sínum í heimahögunum gömlu á Ísafirði um páskana.

Myndirnar sem hér fylgja eru allar nýjar eða mjög nýlegar svarthvítar myndir eftir hann sjálfan.

– Hlynur Þór Magnússon.



Götumynd frá Krasnyi Luch, heimabæ Lyudmylu í Úkraínu.



Elías Jónatansson.

Íbúar kjósi um sameiningu

„Mér finnst það afar mikilvægt, ef til þess kemur varðandi okkar sveitarfélag að sameining verði á dagskránni, að íbúunum gefist tækifæri til að taka afstöðu til slíkrar sameiningar í kosningum,“ segir Elías Jónatansson, bæjarstjóri í Bolungarvík. Sameining sveitarfélaga hefur borið mjög á góma á undanförunum mánuðum. Elías segir marga telja að það sé allsherjarlausn á vanda minni sveitarfélaga.

„Engan skal undra að sameining sveitarfélaganna við Djúp beri á góma, því með tilkomu jarðganga til Ísafjarðar breytast öll viðmið. Ákvörðun um slíkt verður að taka af yfirvegun. Til þess að svo megi verða er nauðsynlegt að sveitarfélagið standi á styrkum fótum þannig að um raunverulegan samanburð á valkostum sé að ræða, en ekki þrautarlendingu. Að því gefnu eigum við að vera óhrædd við að skoða allar slíkar hugmyndir og hafa það fyrst og fremst að leiðarljósi hvernig íbúum sveitarfélagsins muni líða best,“ segir Elías.

– birgir@bb.is



Ísafjarðarhöfn.

Von um betra rekstrarár

Hafnir Ísafjarðarbæjar verða reknar áfram með svipuðu sniði og verið hefur að því er fram kemur í frumvarpi að fjárhagsáætlun sveitarfélagsins sem lagt hefur verið fram til fyrri umræðu. „Rekstur hafnarsjóðs er áætlaður betri en árið á undan. Óvissan er þó meiri en oft áður. Tekin hefur verið ákvörðun um aukning þorskkvóta um 30 þús. tonn sem eykur tekjurnar en verð sjávarafurða hefur farið lakkandi þannig að það vegur á móti“, segir í stefnuræðu bæjarstjóra með áætluninni. Ef litíð er til hvers byggðakjarna fyrir sig virðist viðsnúningur vera á Þingeyri þar sem einungis var landað 156 tonnum árið 2007 en löndun þar tók verulegan kipp á haustmánuðum 2008 þegar skip Vísis hf. hófu reglulega löndun þar aftur eftir langt hlé. Það hefur aukið tekjur hafnarinnar á Þingeyri.

Aukning hefur einnig orðið á Flateyri síðustu misseri og virðist sú uppbygging sem gerð var á rústum Kambs ehf. þegar Fiskvinnslan Eyraroddi var stofnuð ætla að takast og fer vel af stað þrátt fyrir ýmsar væringar í þjóðfélaginu og hefur bátur fyrirtækisins aflað vel sem og aðrir bátar á Flateyri. „Sjávarútvegsráðuneytið hefur algerlega tekið fyrir að heimila okkur að framkvæma og koma upp fjarvigtunarbúnaði á Flateyri en um það var sótt á síðasta ári og ýmsir embættismenn þar á bæ gefið smá von um að það yrði leyft. Ef það hefði orðið raunin hefði það létt verulega á allri vigtunarþjónustu á Flateyri sem og aukið öryggi og eftirlit með hafnarsvæðinu“, segir í stefnuræðunni.

Á Suðureyri hafa aflabrogð verið svipuð og árin á undan þó bættist einn bátur í flotann og aukið aflamagn í samræmi við það. Einnig hefur uppbygging sjóstangveiðibáta verið í örur vexti sem og öll þjónusta við þá. Á síðastliðnu ári var Suðureyrarhöfn vottuð sem Bláfánahöfn sem er umhverfisvottun Land-

verndar og er það alþjóðleg vottun. Stefnir er að því að viðhalda þeirri vottun en hana þarf að endurnýja ár hvert. Til stóð að endurnýja stálþil á löndunarkanti á þessu ári en því frestað af kunnnum ástæðum. Enn fremur stóð til að dýpka innsiglingarrennuna á síðasta ári en því einnig frestað.

Á Ísafirði hefur reksturinn verið svipaður og undanfarin ár. Rækjuverksmiðjan Kampi hefur verið í stöðugum rekstri og umsvif hafnarinnar aukist vegna þess. Þá hefur einnig rekstur Hraðfrystihúss Gunnvarar í Hnífsdal unnið úr öllu hráefni sem þeirra skip bera að landi. Skip félagsins Páll Pálsson og Stefnir hafa aflað vel þó svo að Stefnir landi að mestu í Reykjavík þá eru nokkrir túrar sem landað er á Ísafirði. Júlíus Geirmundsson hefur einnig fiskað vel og landað öllum sínum afla á Ísafirði og segja má að þetta séu grunnstöðirnar sem skapa höfninni rekstrartekjur og er þess vegna sú ákvörðun sjávarútvegsráðherra að auka þorskkvótann um 30 þúsund tonn mjög jákvæð og mun það vonandi skila sér í auknum tekjum. Útgerð smábáta hefur einnig verið í svipuðu horfi og undanfarin ár og aflabrogð svipuð og áður.

Komur skemmtiferðaskipa hefur verið í örur vexti undanfarin ár en 21 skip kom til Ísafjarðar árið 2008 en 29 skip eru skráð til hafnar sumarið 2009 sem er það mesta sem verið hefur hingað til. Höfnin hefur tekið þátt í alþjóðlegum ráðstefnum mörg undanfarin ár sem lið í að auka komu skemmtiferðaskipa.

Nokkrar framkvæmdir standa fyrir dyrum á Ísafirði og ber þar hæst uppbygging oliuhafnar á Mávagarði. Stálið í þá framkvæmd kom í ágúst sem og stálið í endurbyggingar löndunarhafnar á Suðureyri og bíður betri tíma til framkvæmda.

– thelma@bb.is

Sýknaður af ákæru um kynferðisbrot

Karlmaður var á dögnum sýknaður af ákæru um kynferðisbrot fyrir Héraðsdómi Vestfjarða en honum var gert að sök að hafa misnotað dóttur sambýliskonu sinnar. Meint brot áttu að hafa átt sér stað þegar stúlkan var 11-12 ára gömul og kvað hún manninn hafa átt við áfengisvanda að stríða. Framburður stúlkunnar fyrir dómi var ítarlegur og var hún að mati dómsins samkvæm sjálfri sér. Í málinu lá ekkert fyrir sem fór í bága við framburð hennar

annað en neitun ákærða. Upphaflega tóku sakargiftir í málinu að fullu mið af þessum framburði stúlkunnar en í munnlegum málflutningi féll ákærvaldið frá sakargiftum eins liðsins í ákæru með þeim skýringum að ekki hefði tekist að afla gagna um refsinsæmi þess verknaðar sem þar er lýst.

Í kærubréfi kom fram að áreitnir hefði lýst sér í því að ákærði hefði sett hönd inn fyrir nærbuxur stúlkunnar og káfað á kynfærum hennar. Unglingsár stúlkunnar

hefðu síðan snúist mikið um að vera vakandi þar til ákærði væri sofnaður til að sleppa undan áreitninni. Í eitt skiptið hefði stúlkan tekið í hönd mannsins og fært hana frá, farið inn í rúm til móður sinnar og lagst við hlið hennar. Maðurinn hefði þá lagst hinum megin við konu sína. Stúlkan hefði þá beðið þar til hann var sofnaður en síðan farið yfir í sitt rúm aftur. Stundum hefði stúlkan farið út að ganga um nætur til að vera viss um að

maðurinn gæti ekki áreitt hana og ekki farið heim fyrr en hún hefði verið viss um að hann væri sofnaður.

Ljóst var að engir aðrir en stúlkan og maðurinn voru ákærði geta verið til frásagnar um atvikin sem um ræðir. Stúlkan sagði tveimur vinkonum sínum frá áreitninni en móðir hennar vissi ekki um hana fyrr en skömmu áður en að ákæran var lögð fram sex árum eftir meint brot áttu sér stað. Maðurinn fór í kjölfarið af

heimilinu.

Í dómsorði sagði að þar sem í raun væri ekki við önnur gögn að styðjast en framburð stúlkunnar, og þrátt fyrir að meðferðaraðilar og nánir aðstandendur telji andlegt ástand stúlkunnar styðja að hún hafi orðið fyrir brotum af hálfu ákærða, þótti ákærvaldinu ekki hafa tekist að sanna gegn neitun ákærða, svo ekki verði véfengt með skynsamlegum rökum.

– thelma@bb.is

Hnífsdælingar blótuðu þorra

Þorablót Kvenfélagsins Hvatar í Hnífsdal var í Félagsheimilinu í Hnífsdal á laugardagskvöld. Á annað hundrað manns mættu og skemmtu sér konunglega. Að vanda voru heimatilbúin skemmtiatriði í boði þar sem áttahagbrandarar um daglegt líf þeirra sem búa í dalnum voru í fyrirrúmi. Gestir komu með trog að heiman og tóku vel til matar síns. Gestir skörtnuðu sínu finasta þússi og mátti sjá nokkra í íslenska þjóðbúningnum. Að borðhaldi loknu var slegið upp dansleik þar sem Húsið á Sléttunni hélt uppi stuðinu. Kvenfélagið Hvöt sá að vanda um framkvæmd blótsins og var þetta í 60. sinn sem það var haldið.



Þorablót Hnífsdælinga hefur einungis fallið niður tvisvar sinnum frá upphafi árið 1947. Í fyrra skiptið var það árið 1949 vegna samkomu-banns sem mun hafa verið lagt á vegna smitandi veikindafaraldurs. Seinna skiptið var 2003 þegar það féll niður vegna veðurs.

Um er að ræða helstu fjáröflun kvenfélagsins sem hefur starfað að góðgerðarmálum í tæp 100 ár. Blótið er opið öllum, burt séð frá hjúskaparstöðu, klæðnaði eða búsetu. Ljósmyndari blaðsins kom við á blótinu og tók þar meðfylgjandi myndir. Fleiri myndir birtast á bb.is.



Bloggið

Frístundakortin fjúka

Sem tiltölulega lágt launuð fjölskylda sem er hætt að fara til útlanda, hætt að fara í skemmtiferðir sem kosta peninga, hætt að kaupa óþarfa eins og áfengi og vinarbrauð, hætt að fara í bíó og á leiksýningar, er okkur vissulega nokkuð áfram um að halda börnunum okkar í einhverskonar íþróttaiðkun, alveg eins og hinum efnameiri. Þar hafa frístundakort bæjarins verið himnasending. Það kostar 15.000 krónur fyrir hvert barn pr.önn, að stunda íþrótt í UMFB, sem er hið ágætasta félag. Frístundakortin giltu sem 15.000 uppígreiðsla yfir veturinn þannig að í stað þess að greiða 30.000 krónur fyrir hvert barn yfir veturinn, voru það aðeins 15.000 krónur á haus. Frístundakortin eiga að fjúka. Sem þýðir að það, að leyfa börnunum okkar að vera í íþróttum kostar 30.000 krónur yfir veturinn fyrir hvert barn. ...] Þetta er verulega mikil skerðing fyrir okkur og eflaust flestar barnafjölskyldur.



Ylfa Mist Helgadóttir
<http://ylfamist.blog.is/blog/ylfamist/>

Rifrildi á dag


Fyrstu dagar nýju ríkisstjórnarinnar eru ekki uppörvandi. Málin frá ríkisstjórninni streyma sem á færibandi, - það er að segja ágreiningsmálin. Hingað til hefur enginn dagur liðið án þess að þau birtist í einu eða öðru formi. Í fyrradag voru það stóriðjumálin. Og enn veit enginn hvort fylgt sé uppbyggingarstefnu Óssurar Skarphéðinssonar hæstv. iðnaðarráðherra, eða stoppstefnu Kolbrúnar Halldórsdóttur hæstv. umhverfisráðherra. Í gær deildu hæstv. fjármálaráðherra og hæstv. forsætisráðherra um gjaldmiðilsmál frammi fyrir þjóðinni og fullum sal af fréttamönnum. Og í morgun sáum við glitta í ansi efnilegt rifrildi um Evrópusambandsmál, sem ýmist eru sögð úti á köldum klaka, eða á tvíbreiðri hraðbraut, með fyrirhuguðum breytingum á stjórnarskránni. [...] Hinni nýju ríkisstjórn er afmörkuð 80 daga stund, til verka sinna. Haldi hún uppi háttum sínum má búast við að það verði tími 80 ágreiningsefna, einnar deilu á dag.



Einar Kristinn Guðfinnsson
<http://www.ekg.is/>

Geðhvarfasker

Það hefur greinilega einhver runnið í tröppunum frá World Class Laugum út í sundlaug. Kannski slasað sig. Það er allavega kominn miði þar sem áður var enginn miði um að fólk skuldi passa sig í hálfu. Svo er verið að byggja yfir þetta, sýnist mér, svo fleiri detti ekki. Var nokkur að pæla í slysgildrum við Dettifoss fyrr en einhver hrumur túristi fótbrotnaði í stórgrýtinu? Svona er allt á Íslandi. Aðgát og fyrirhyggja sýnd eftir á, sem hefur kannski eitthvað með þjóðarkarakterinn að gera, þetta að þurfa alltaf að bægslast áfram. Síldar eitthvað. Veiða allt upp og klóra sér svo í hausnum. Auðvitað má færa þetta upp á bankahrúnið. Er ekki hætt á að einhver fótbrotni hérna? hefur kannski einhver stunið upp en ráðendur ypptu bara öxlum. Nei nei, hvaða hvaða. Þetta reddast. Annað hvort geðveikt góðæri eða geðveikt kreppa. Hverskonar geðhvarfasker er þetta eiginlega? Er ekki hægt að stefna að jafnri línu? Verður þetta alltaf að vera fylliri og þynnka til skiptis?



Dr. Gunnar
<http://eyjan.is/goto/drgunni/>



Íbúðir voru að meðaltali ódýrastar á síðasta ári á Vestfjörðum á síðasta ári.

Íbúðaverð hefur tvöfaldast frá 1990

Íbúðaverð hefur hækkað minnst á Vestfjörðum samkvæmt gögnum Fasteignaskrár Íslands um þróun íbúðaverðs eftir landshlutum frá árinu 1990. Þar hefur íbúðaverð tvöfaldast í verði síðan árið 1990. Þetta kemur fram í Morgunkorni Glitnis. „Mikill verðmunur er nú á íbúðum eftir því hvar þær eru staðsettar á landinu og hefur verðmunurinn aukist

mikið á undanförunum 18 árum. Árið 1990 var húsnæðisverð hæst á höfuðborgarsvæðinu og var meðalfermetravæð þá 65 þúsund krónur.

Ódýrastur var hins vegar fermetrinn á Vesturlandi sem kostaði 35 þúsund krónur. Er það 46% lægra verð en greitt var fyrir fermetrann að meðaltali á höfuðborgarsvæðinu. Átján árum síðar

hefur munurinn hins vegar heldur aukist. Íbúðir voru á síðasta ári ódýrastar að meðaltali á Vestfjörðum þar sem greiða þurfti 67 þúsund krónur fyrir fermetrann. Það er aðeins ríflega fjórðungur þess sem greiða þurfti á höfuðborgarsvæðinu en þar kostaði meðal fermetrinn 261 þúsund á síðasta ári“, segir í Morgunkorni Glitnis. — *thelma@bb.is*

Opnunartími Árbæjar stytur

Stytta á opnunartíma og fækka starfsfólki á vakt í íþróttamiðstöðinni Árbæ í Bolungarvík í hagræðingarskyni, að því fram kemur í stefnuræðu bæjarstjóra. Tillögurnar gera ráð fyrir að yfir veturinn séu eingöngu tveir starfsmenn á vakt á þeim tíma sem grunnskólinn er að nýta íþróttahúsið og sundlaugin, þ.e. á tímabilinu frá 10:00 til 15:00 á virkum dögum. Á öðrum dögum verði einungis einn starfsmaður á vakt á hverjum tíma. Þá er gert ráð fyrir að opnunartími miðstöðvarinnar verði stytur um eina klukkustund á virkum dögum þannig að henni verði lokað kl. 20 á kvöldin í stað 21. Á laugardögum og sunnudögum verður opnunartími stytur um tvær klukkustundir hvorn dag. Á laugardögum verður því opið frá kl. 11-17 og frá kl. 11-15 á sunnudögum. Lokað verður á mánudögum. Með þessum aðgerðum á að nást fram sparnaður upp á fimm milljónir króna í ár eða um átta milljónir á ársgrundvelli.

Tillögur varðandi opnunartíma og mönnum yfir sumartímamann verða unnar í samráði við forstöðumann. Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2007 var ákveðið að að bjóða upp á svokölluð frístundakort að upphæð 15.000 krónur fyrir hvern einstakling undir 16 ára aldri með lögheimili í Bolungarvík. Kortið gildir fyrir hvert skólaár og er hægt að nýta það

sem greiðsla fyrir tómsundastarf eða tónlistarnám svo dæmi sé tekið. Kortið fellur úr gildi ef það er ekki nýtt innan viðkomandi árs. Gert er ráð fyrir að ekki verði boðið upp á slík frístundakort frá og með næsta skólaári, en þeim sem ekki hafa nýtt sér kortið ennþá fyrir þetta skólaár verði gefinn kostur á nýtingu þess. Reiknað er með að kostnaður vegna korta sem enn eru ónýtt á yfirstandandi skólaári verði u.þ.b. 250 þúsund krónur.

Gert er ráð fyrir að draga saman í peningastyrkjum í málaflöknum um eina milljón króna á árinu 2009. Einnig er reiknað með fækkun úthlutaðra tíma til félaga frá því sem var í áætlun 2008.



Súðvíkingar blótuðu þorra

Súðvíkingar blótuðu þorra í íþróttahúsinu í Súðavík á laugar- dag. Ungmennafélagið Geisli sá um blótið og mættu 180 manns að sögn Óskars Elíassonar, verslunarstjóra Víkurbúðarinnar í Súðavík. Geisli sá einnig um skemmtiatriðin þar sem helstu at- burðir 2008 voru gerðir upp með gamansömum tón. Eftir ballið var dansinn stigin við undirleik Baldurs og Margrétar. Ljós- myndari blaðsins kom við á blótinu og tók þar meðfylgjandi myndir.



Ertu með viðskiptahugmynd? Vantar þig aðstöðu?

Eyrin viðskiptasetur

Impra á Nýsköpunarmiðstöð Íslands í samstarfi við Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða og Háskóla- setur Vestfjarða opnar í mars Eyrina, nýtt viðskiptasetur á Ísafirði.

Á viðskiptasetrinu **Eyrinni** fá einstaklingar aðstöðu til að vinna að viðskiptahugmyndum og stofna fyrirtæki undir faglegri umsjón sérfræðinga Impru á Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

- ▶ Skrifstofuaðstaða gegn vægu gjaldi.
- ▶ Fagleg ráðgjöf og stuðningur starfsmanna Nýsköpunarmið- stöðvar Íslands og Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða.
- ▶ Skapandi umhverfi og öflugt tengslanet.

Umsókn um aðstöðu

Rafrænt umsóknareyðublað er að finna á heimasíðu Impru, www.impra.is. Í umsókninni þarf að koma fram stutt lýsing á viðskiptahugmyndinni, framtíðarsýn og húsnæðisþörf, ásamt ferilskrá eða upplýsingum um umsækjendur.



Aðrir styrktaraðilar:



smáar

Til sölu eða leigu er íbúð á Hlíf 2. Fyrstur kemur, fyrstur fær. Uppl. í síma 899 6424.

Óska eftir ísskáp, þvottavél og sófa. Uppl. í síma 772 0619.

Óskum eftir íbúð til leigu. Erum ungt barnlaust par og leitum að 2-3ja herb. íbúð. Erum reykluslaus, reglusöm og róleg. Getum borgað allt að 60 þús. kr. á mánuði. Vinsamlegast hafið samband í síma 616 1216.

Til sölu er Toyota Land Cruiser 90 VX árg. 2000. yfirtaka á láni. Uppl. í síma 895 4115.

Eldri borgarar! Spilavist í Safn- aðarheimilinu þriðjudaginn 17. febrúar kl. 14.

Til sölu er skellinaðra. Uppl. í síma 456 4381 eða 846 3249.

Til leigu er 2ja herb. íbúð á eyri. íbúðin er laus nú þegar. Uppl. í síma 690 2202.


Ertu orðin(n)

áskrifandi?

Síminn er

456 4560

Það er ódýrara að vera áskrifandi!



Vatnið sem tekið er úr jarðgöngunum undir Breiðadals- og Botnsheiði er í háum gæðaflokki.

Ný vatnslögn lögð á Ísa- firði til tryggja hágæða vatn

Gert er ráð fyrir í nýju aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar að ný vatnslögn verði lögð frá Vestfjarðajarðgöngum að Suðurtanga um Pollinn, til að fyrirtæki, sem þurfa hágæða vatn í framleiðslu sína, geti fengið nægt ómengið vatn. Lengd lagnar er að hámarki 5,5 km og er framkvæmdin því ekki tilkynningarskyld vegna mats á umhverfisáhrifum. Einnig skulu skoðaðir möguleikar á að leiða vatnið úr göngunum einnig til Önundarfjarðar og Sóganda-

fjarðar til að auka möguleika þar á atvinnuuppbyggingu tengda háum gæðum vatns. „Mikilvægt er að allar vatnslagnir falli vel að landslagi og verðmætum náttúrusvæðum verði hlíf eins og kostur er. Þá er mikilvægt að í öllum tilvikum verði gengið þannig frá að sem minnst ummerki verði á yfirborði landsins“, segir í greinargerð með aðalskipulaginu.

Einnig er lögð áhersla á að viðhalda eða auka gæði þess neysluvatns sem afhent er í sveit-

arfélaginu. Neysluvatn fyrir Ísafjörð og Hnífsdal kemur úr jarðgöngunum undir Breiðadals- og Botnsheiði, meðalnotkun er um 150 l/sek. „Vatnið sem tekið er úr jarðgöngunum undir Breiðadals- og Botnsheiði er í háum gæðaflokki og er mögulegt að afhenda um 600-700 l/sek. Miklir möguleikar eru á að nýta vatnið til framleiðslu þar sem gæði vatns er lykilþáttur“, segir í greinargerðinni.

Á Þingeyri er neysluvatni dælt

upp úr borholum í Hvammsdal en fyrirhugað er að fá lindarvatn úr Ausudal. Á Flateyri er neysluvatn tekið úr skriðu í Klofningsdal, en vatnsbólið er undir snjómegnið af árinu. Neysluvatnið á Suðureyri er lindarvatn sem tekið er úr Sunddal. Á Flateyri og Suðureyri er vatnið geislað með útfjólubláu ljósi en meðalnotkun á hvorum stað er um 60 l/sek.

Utan þéttbýlisstaða eru minni einkaveitur fyrir stök býli. Ekki er gert ráð fyrir að ráðist verði í almenna uppbyggingu á veitum á svæðinu utan þéttbýlis.

Landsbyggðin og kreppan

Stakkur skrifar

Það er undarlegt til þess að hugsa að kosningar skipta ekki lengur máli um framgang lýðræðisins. Meiru skiptir af hálfu núverandi ríkisstjórnar að leggja eyrun við því sem hatursmenn lögreglu hrópa um leið og þeir eyðileggja Alþingishúsið og hús Stjórnarráðsins. Kannski þykir einhverjum þetta fyndið, en ætli sú fyndni endist lengi. Við sem búum á landsbyggðinni höfum áhyggjur af hag þjóðarinnar og því að gleymast ekki í potta- og pönnuskarkalanum sem ríkisstjórninni virðist hugleiknari en það að gæta þess að ekki séu brotin lög.

Hvað sem öðru líður má ekki gleyma því að utan suðvesturhornsins ríkti ekki góðæri. Það náði ekki norður fyrir Akranes og austur fyrir Þjórsá. Þess vegna þykir okkur slæmt að standa frammi fyrir vaxandi atvinnuleysi og ofan í kaupíð lakkandi fiskverði, en við réðum ekki og eigum ekki að fá að ráða. Þrefaldi ráðherrann sem þar á meðal gegnir embætti sjávarútvegsráðherra vill taka aftur ákvörðun Einars K. Guðfinnssonar, sem áður gegndi því embætti, um að leyfa hvalveiðar í atvinnuskyni.

Deila má um þá ákvörðun að leyfa hvalveiðar, en er ekki rétt að stjórnarmálmennt haldi ró sinni þessar vikur sem eru til kosninga. Atvinnu sárvantar á landsbyggðinni og hvers vegna að neita að nýta auðlindir þegar margir telja fullvíst að hvalir

keppi við íslenska nytjastofna fiska í sjónum? Væri ekki rétt að draga andann djúpt áður en kastað er út af borði ríkisstjórnar tækifærum til atvinnusköpunar?

Hefur ráðherrann með þrefalda vægið rætt fleira við norska starfsbræður sína en upptöku myntbandalags við Norðmenn? Talar hann kannski eingöngu við þá sem eru lengst til vinstri? Í sjálfu sér er það ekki aðalatriði enda ekki ljóst hvernig kosningar 25. apríl munu fara, þótt margir hafi þegar talið upp úr kjörkössunum sér í hag. Ísland þarf á öllu sínu að halda og þar á meðal vel grundaðri vinnu til að byggja upp til framtíðar. Ekki má gleyma því að við erum enn háð skilyrðum Alþjóða gjalddeyrissjóðsins um það hvernig taka skal á málum. Standi til að breyta því verður að ætlast til þess að um slíkar hugmyndir og ætlanir verði kosið í komandi kosningum.

Nú virðast Samfylkingunni gleymdar hugmyndir um göngu í Evrópusambandið, enda þarfnast slíkt mikils og vandaðs undirbúnings. Gera þarf ítarlega úttekt á því hvort og þá hvernig það myndi hafa áhrif á landsbyggðina á Íslandi. Það er því miður hætt við því að hagsmunir okkar landsbyggðarfólks sitji á hakanum og er ákefðin um að slá út af borðinu fyrirætlun um sjálfbæra nýtingu sjávarstofna eins og hvals dæmi um slíkt. Við verðum að muna eftir sjálfum okkur og hagsmunum þjóðarinnar í næstu kosningum annars fer illa.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í *Bæjarins besta* í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum Stakks á meðan hann notar dulnefni sitt.

Fengu ekkert úr Gná

Skiptum er lokið í þrotabúi loðnuverksmiðjunnar Gnár í Bolungarvík, en félagið var tekið til gjaldþrotaskipta í október á síðasta ári. Lýstar kröfur í þrotabúi voru liðlega 490 milljónir króna og fundust engar eignir í búinu. Kröfuhafar fengu því ekkert upp í lýstar kröfur. Þetta kemur fram í fréttum Svæðisútvarps Vestfjarða. Verksmiðjan var tekin til gjaldþrotaskipta að beiðni Frjálsa lífeyrissjóðsins. Skiptastjóri er Guðmundur Siemsen.

Verksmiðjan fór á nauðungaruppboð í febrúar og var þá slegin Glitni og samdægurs seld fyrir tæki í eigu Ómars Benediktssonar í Reykjavík. Mjög lítil vinnsla hefur verið í loðnuverksmiðjunni Gná í Bolungarvík undanfárin misseri enda hefur loðna ekki borist á land í langan tíma. Þá fékk verksmiðjan sild til bræðslu um þar síðustu áramót en síðan hefur hráefnisöflunin ekki verið upp á marga fiska.

— thelma@bb.is



Ísafjörður.

Útgjöld skorin niður um 200 milljónir

Útgjöld Ísafjarðarbæjar verða skorin niður um 201 milljón króna samkvæmt frumvarpi að fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2009. Er þetta til viðbótar við sparnaðarráðstafanir sem hafa þegar verið settar fram. Tillaga að fjárhagsáætlun, sem lögð var fram 22. janúar, gerir ráð fyrir að skatttekjur (útsvar og fasteignaskattur) verði um 1.300 milljónir króna. Er upphæðin nálægt áætlun ársins 2008, þrátt fyrir hækkun útsvars úr 13,03% í 13,28%. 542,8 milljónir króna eru áætlaðar sem framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Skatttekjur verða tæpar 1.860 milljónir króna. Aðrar tekjur bæjarsjóðs eru áætlaðar 353 milljónir. Tekjur stofnana eru áætlaðar 581 milljón króna. Heildar tekjur Ísafjarðarbæjar árið 2009 eru áætlaðar 3,1 milljarður, en inni í þeirri fjárhæð eru millifærslur, svo sem innri leiga húseigna, svo ekki er um að ræða innkomnar tekjur að öllu leyti. Útgjöld bæjarins eru 3,1 milljarður króna. Þar af eru 185 milljónir áætlaðar í fjármagnsgjöld. Forsendur þess er að verðbólga verði 13% milli áronna 2008 og 2009 og að gengi íslensku krón-

unnar styrkist nokkuð frá því sem var í upphafi ársins 2009. Afborganir langtímalána verða um 245 milljónir. Stærsti útgjaldaliður bæjarsjóðs eru fræðslumál, en þangað er áætlað að renni um einn milljarður króna á næsta ári. Þar er kostnaður við grunn-skóla, leikskóla, tónlistarskóla og skólaskrifstofu. Næst stærsti útgjaldaliðurinn eru íþrótt- og æskulýðsmál með 240 milljónir króna. Þar eru rekstur íþróttahúsa og sundhalla, styrkir til HSV og annarra íþróttafélaga, rekstur skíðasvæðis og fleira.

– birgir@bb.is

Sorpgjöld hækka um 8% í Ísafjarðarbæ

Sorpgjöld heimila og fyrirtækja í Ísafjarðarbæ hækka um 8% milli ára að því er fram kemur að frumvarpi að fjárhagsáætlun sem lagt hefur verið fram. Álagning á heimili verður því 37.800 krónur. Á árinu verður skoðaður möguleiki á því að fækka sorphirðudögum frá því að vera einu sinni í viku í 10-14 daga fresti. Þá verða íbúar hvattir til að flokka pappír, fernur og aðrar umbúðir frá heimilissorpinu og setja í svokallaða grenndargáma.

Með þessu móti er hægt að ná endurgjaldi frá Úrvinnslu-

sjóði. Þá er hugmynd til umræðu um að loka gámasvæðum á Þingeyri, Flateyri og Suðureyri og þess í stað verða haldnir hreinsunardagar nokkrum sinnum á ári. Með þessu móti verður hægt að ná mun betri flokkun á sorpi en verið hefur.

Samningur Ísafjarðarbæjar við Gámaþjónustu Vestfjarða verður endurskoðaður segir í stefnuræðu bærarstjóra með frumvarpi að fjárhagsáætlun sveitarfélagsins. Sérstök nefnd er að störfum um sorpmál í Ísafjarðarbæ og mun hún skila tillögum á næstunni.

– thelma@bb.is

Reiðubúnir til samstarfs til fjölgunar starfa á Vestfjörðum

Stjórn Verkalýðsfélags Vestfirðinga hefur lýst sig reiðubúna til að taka þátt í samstarfi við sveitarstjórnir og aðila vinnumarkaðarins sem gæti leitt til frekari uppbyggingar og fjölgunar starfa á Vestfjörðum. „Framundan eru erfiðir tímar á atvinnumarkaði sem ekki sér fyrir endann á. Nauðsynlegt er að sveitarfélög á Vestfjörðum í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins“, segir í erindi stjórnar Verk-Vest sem sent hefur verið bæjaryfirvöldum Ísafjarðarbæjar.

Þar segir einnig: „Í ljósi aðstæðna sem hafa skapast á vinnumarkaði og fjölgun atvinnulausra í sveitarfélaginu, þá er þörf á raunverulegum störfum en ekki loforðum um störf. Öll höfum við heyrt nóg af þess konar umræðu. Nauðsynlegt er að bæjar-

stjórn Ísafjarðarbæjar hvetji fyrirtæki og stofnanir sem hafa boðað komu sína hingað með störf til að standa við gefin fyrirheit og hefja starfsemi sem fyrst.

Vegna áförmu Brúarfoss ehf. um byggingu vatnsverksmiðju sem gæti skapað störf í bæjarfélaginu, þá hefur einungis komið fram í fréttum og samtölum við forsvarsmenn fyrirtækisins að uppbygging hefjist ekki fyrr en sölumál þess væru orðin trygg. Þrátt fyrir að fyrirtækinu hafi verið veittur ríflegur frestur til að hefja framkvæmdir þá hvetur stjórn Verkalýðsfélags Vestfirðinga bærarstjórn Ísafjarðarbæjar til að fylgja málinu þannig eftir að forsvarsmönnum Brúarfoss ehf. verði ljóst að fylgi hugur ekki máli þá verði samningum rift og nýjum aðilum boðið að

koma og hefja vatnsútflutning sem skapi raunveruleg störf í bæjarfélaginu.

Þá hvetur stjórn félagsins til þess að kraftur verði settur í undirbúning byggingu hjúkrunarheimilis á Ísafirði. Þar yrði haft að leiðarljósi að skapa atvinnu á erfiðum tímum og tryggja atvinnu við ummönun að lokinni byggingu hjúkrunarheimilisins. Ekki verði dregið úr viðhaldsverkefnum á vegum sveitarfélagsins, eða verkefnum sem gætu flokkast sem átakverkefni og til þess fallin að skapa fjölgun atvinnutækifæra.“

Bærarstjóri hefur óskað eftir fundi með formanni Verkalýðsfélags Vestfirðinga og hefur erindinu verið vísað til atvinnu-málanefndar.

– thelma@bb.is



Höfuðstöðvar Verkalýðsfélags Vestfirðinga á Ísafirði.



Bassinn er ákveðið kyntákn

Þórhallur B. Snædal á Ísafirði stendur um þessar mundir á ákveðnum tímamótum eftir að hafa starfað sem smiður um margra ára skeið. Síðastliðið haust minnkaði hann við sig vinnu og hóf frumgreinanám við Háskólasetur Vestfjarða. Í miðju efnahagshruninu er Þórhallur með áætlun um sprotafyrirtæki sem á sér enga fyrirmynd í íslensku samfélagi. Þá stefnir hann einnig á að gefa út plötu með þungarokksbandi. Þórhallur er 33 ára, tveggja barna faðir. Hann hefur búið víða um ævina. Fyrstu ár lífs síns bjó hann á Ísafirði en síðan flutti hann til Egilsstaða. Eftir að faðir hans lést flutti hann til Vopnafjarðar, þá lá leiðin til Akureyrar þar sem hann kláraði nám sitt og Ísafjörður varð aftur fyrir valinu árið 1999.

– Af hverju fluttir þú á Ísafjörð?

„Ég lenti í basli á þeim tíma með að komast í vinnu á Akureyri. Þeir tóku ekki menn á samning. Ég ákvað því að fara bara í símaskrána og valdi mér stað til að hringja eftir vinnu. Fyrirtækið sem ég sá fyrst var Trésmiðjan í Hnífsdal. Ég vann þar í dagóðan tíma og stuttu seinna var mér boðinn samningur.“

– Þú ílengdist á Ísafirði. Fannst þér gott að vera hérna?

„Já, mér leið mjög vel. Það var ekkert mál að fá íbúð og nóg af vinnu.“

– En hvernig fannst þér að flyja á stað þar sem þú þekktir engan?

„Í mínu tilfelli átti þetta vel við mig. Munur á fólkinu á Ísafirði og Akureyri er gífurlegur. Akureyringar eru þannig að þú þarft að vera einn af genginu. Þú þarft að vera tengdur til að komast eitthvað áfram. Það var ekki þannig á Ísafirði.“

– Varstu fljótur að koma þér inn í samfélagið?

„Já, já, ég vann og kynntist fólki í vinnunni. Ég þekkti reyndar strák á Ísafirði sem var æskuvinur minn. Hann kom mér í vinnu við dyravörslu í Sjallanum. Ég kynntist fullt af fólki þar. Svo komst ég í hljómsveit og eftir það þekkti maður alla hérna.“

– Þú spilaðir á bassa þar. Fórstu að læra á hann snemma?

„Ég var fimmtán ára þegar ég tók bassann upp. Ég fór eitt ár í tónlistarskóla og hafði einstaklega litla þolinmæði í það.“

– Hvað var það sem heillaði þig við bassann?

„Bassinn er ákveðið kyntákn og er ákveðin yfirlýsing meira heldur en gítar.“

– Og varstu svona viss á því fimmtán ára?

„Já, algjörlega. Það kom ekkert annað til greina. Ég byrjaði svo í hljómsveit daginn eftir að ég keypti bassann. Hún hét Double

deep heavy metal shit in black. Við spiluðum á einum tónleikum á Akureyri þar sem áhorfendur hlutu meiðsli eftir að gítarum var kastað í þá. Við fengum ekki að spila oftast eftir það.“

– En hvað var til þess að þú valdir að læra smiði?

„Afí minn var smiður og ég fór bara beint eftir grunnskóla í smiði. Það lá beinast við á þeim tíma.“

– Hvernig var að vera smiður á þessum uppgangstímum?

„Þetta er djöfulli stór spurning. Í þessum verkamannageira er þetta búið að vera ofboðslegt kapphlaup og brjáláð að gera. Maður sókk inn í þessi verk og kaffærðist alveg. Þegar maður er í smiðageiranum þá er sótt að þér úr öllum áttum. Þá þarftu að velta allt of stóru hjóli. Ef þú ert aktívur þá geturu alveg kafnað í þessu.“

– Það var mikill uppgangur á Ísafirði í smiðavinnu. Attaðir þú þig á þessari bólu sem var allstaðar á landinu?

„Já, maður skildi það alveg þegar þú gast fengið 100% lán fyrir öllu og innkaupakostnaður var enginn vegna hagstæðs gengis. Svo voru einstaka framkvæmdir sem voru glórulausar. Hugmynd að framkvæmdinni er oftast glórulaus en ekki framkvæmdin sjálf.“

– En hver er stefnan með þessu námi sem þú ert í núna?

„Ég stefni á að fara í byggingafræði. Ég er með ákveðnar hugmyndir sem ég ætla að setja í gang varðandi sprotafyrirtæki. En til þess þarf ég að útvega mér menntun. Á teikniborðinu hjá mér hugmynd sem ég er á fullu að hanna. Ég ætla að sameina þennan flöskustút sem lendir á milli hönnunar og framkvæmda, þ.e. að hönnunin eigi heima í framkvæmdunum. Ég ætla að setja hönnunarfyrirtæki við verktafyrirtæki. Þegar þannig fyrirtæki fara að vinna að sameigin-



legri peningastöðu þá verður það að mörgu leyti vendipunkturinn í fyrirtækinu.

Í dag er þetta þannig að við erum með hönnunarfyrirtæki sem er með sitt verksvið. Svo kemur verktakinn og hann fer að breyta allri hönnunni því í henni er hvergi reiknað með byggingaratriðum. Ég ætla að brúa þetta bil með því að sameina þessa hluti.

– Hönnunin er þá oft ekki í takt við verkkaupendur og byggingu?

„Já, og því fylgja gífurlegar kostnaðarsamar breytingar. Þá er farið til baka og leiðrétt sem er ekki ókeypis. Í raun og veru yrði þetta bara fyrirtæki sem hannar og framkvæmir. Afraksturinn yrði ódýrari og sneggrí. Samskiptin yrðu til hins betra.“

– Hvernig er að vera tveggja barna einstæður faðir í námi á Íslandi í dag?

„Þetta er rosalega dýrt. Það er þannig samt sem áður að þa er aldrei heimskulegt að mennta sig, sama hvernig ástandið er. Ástæðan fyrir því að ég fór í þetta nám núna er sú að þegar maður eignast börn þá þroskast maður miklu meira. Maður var búinn að vera í miklu harki í smíðavinnunni og ég ákvað að kúpla mig út því áður en ég festist í þeirri stöðu. Ég hugsaði þá að ég yrði að gera eitthvað meira og ég geri það ekki án menntunar.“

Ég þarf hins vegar að gera margt til að láta enda ná saman. Ég er húsvörður í blokkinni sem ég bý í. Ég vinn í steypusögun og kjarnaborun sem er hörku vinna. Maður leggur gífurlega mikið á sig. Það er hins vegar alltaf best þegar manni endist ekki sólarhringurinn í því sem maður er að gera. Þegar ég lendi í því að það er stopp og ekkert að gera þá líður mér hálf illa.

– Hefur það alltaf verið þannig?

„Já, mér finnst hálf glatað að vera ekki að gera neitt og vill alltaf hafa eitthvað í vinnslu.“

– En nú stöndum við í einni mestu efnahagslægd í sögu Íslands. Kemur aldrei neitt bakslag í þessi plön hjá þér?

„Ég er sem betur fer þannig gerður að ef maður væri djarfari og örlítið meira ákveðnari þá myndi maður einbeita sér að því

hvað heimurinn fer minnkandi. Maður þarf að láta sér detta eitthvað í hug og selja út. Maður þarf líka að átta sig á því að leið og maður fer að staðna þá á maður að fara að og gera eitthvað annað sem mannig langar að gera. Það er ég að gera núna. Maður þarf að sníða sér stakk eftir vexti. Ef þú hættir að horfa í kringum þig þá ferðu á hausinn.“

– Ég finn fyrir mikilli bjartstýni hjá þér varðandi framtíðinni. Margir sjá ekkert nema böll næstu árin en þú virðist vera á fullu í að plana bjartari tíma. Hvað gerir þig að þessum manni?

„Það er margt sem gerir mann að manni. Allskonar upplifanir sem gera manni að meiri og meiri manni. Auðvitað á maður „down“ tímabil en maður rífur sig upp úr því. Afí minn, Jörgen Sigurðsson, mótaði mig heilmikið. Eftir að pabbi dó tók hann mig inn á sig og kenndi mér mikið. Alltaf þegar ég var búinn að kaupa mér nýjan bíl, þ.e. þegar ég var yngri, kom ég til afa og sagði „Sjáðu hvað lakkið er flott á bílnum?“. Þá sagði hann mér að maður færi ekki langt á lakkinu. Það var stanslaus álíka speki hjá honum sem ég lærði mikið af.“

– En svo er það kannski hin hliðin á Þórhalli sem er tónlistin. Eftir þetta spjall okkar sé ég mjög jarðbundinn manni sem er að reyna að gera stóra hluti og láta enda ná saman. Ég veit til þess að þú hyggur á að gefa út þungarokksplötu?

„Já, ég er þungarokkari og hlusta aðallega á það. Ég ætla að búa til þungarokksband. Ég er hins vegar ekki viss um að það eigi eftir að borga sig. Þannig að ég ákvað að gera lögin bara fyrst og setja bandið síðan saman. Ég er búinn að vinna mér inn stúdíótíma hjá Önnu í Tanknum með smíðavinnu. Þetta verður vonandi skemmtileg tónlist.“

– Ætlar þú að gefa þetta út?

„Já, ég ætla að hella mér af fullum huga í þungarokksbransann.“

– Tveggja barna faðir, í fullu námi, vinnandi að sprota-hugmynd og ætlar í þungarokksbransann. Þetta er svolítið klikk-að?

„Já, heldur þú að það sé ekki nóg að gera hjá mér? Auðvitað



Boðíð var upp á heitt kakó undir berum himni á Eyrarskjóli á degi leikskólans.

Dagur leikskólans haldinn hátíðlegur

Leikskólar á Vestfjörðum voru opnir fyrir gestum á föstudag, á degi leikskólans. Dagur leikskólans var haldinn í fyrsta skipti 6. febrúar á síðasta ári, en þann dag árið 1950 stofnuðu frumkvöðlar leikskólakennara fyrstu samtök sín. Það voru Félag leikskólakennara, menntamálaráðuneytið, Samband íslenskra sveitafélaga og Heimili og skóli sem hrundu verkefninu af stað. Ákveðið var að halda upp á daginn ár hvert með það að markmiði að auka jákvæða umræðu um leikskólann og kynna það starf sem unnið er í skólunum út á við.




næ ég þessu varla saman og mér endist varla dagurinn í að vinna, læra heima, hugsa um börnin og semja tónlist. En maður vinnur

alltaf úr því. Ég get yfirleitt ekki sofið meira en sex tíma og hentar mér ágætlega. Þetta er miklu betra en að hafa ekkert að gera,

maður verður alltaf að stefna að einhverju,“ segir smíðurinn og bassaleikarinn Þórhallur B. Snædal.
– birgir@bb.is

Lífstill



Kreppudýr eftir Marsibil Kristjánsdóttur

Listakonan Marsibil Kristjánsdóttir er fædd á Þingeyri 1971. Hún hefur hannað leikmyndir, brúður og leikmuni fyrir fjölda leiksyninga m.a. fyrir einleikina Gíslí Súrsson, Dimmalimm og Skrímsli. Einnig hannað og unnið ýmiskonar handverk á tré og gler svo sem jólasveina og galdrastafi. Hún er einnig þekkt fyrir fallegar og öðruvísi blýantsteikningar og



hefur sett upp einkasýningar á eftirtöldum stöðum: Veitingastofan Vegamót á Bildudal, Café Milánó í Reykjavík, Langi Mangi á Ísafirði, Hótel Flókalundur, Gallerí Koltra á Þingeyri, The Commedia School í Kaupmannahöfn, Café Karólínu á Akureyri, Vigur í Ísafjarðardjúpi, Flakkarinn Brjánslæk, Haukadal Dýrafirði og Hamraborg á Ísafirði.

Nú er Marsibil, eða Billa eins og hún er oftast kölluð, komin með nýja hönnun sem er mjög svo í stíl við tíðarandann í dag. Billa hefur nefnilega hannað svokölluð Kreppudýr sem hún hefur verið með í sölu í Karítas frá því í desember í desember og hefur þeim verið mjög vel tekið.

Þannig segir Billa frá tilurð kreppudýranna:

Hugmyndin af Kreppudýrunum kom bara allt í einu, þar sem ég sat í Karítas og leit yfir búðina, og var að velta fyrir mér hverju væri hægt að bæta við. Náði ég þá í svörtu bókina, (a.t.h.ég á nokkrar svartar.) skissubók og penna og byrjaði að teikna figúrur.



Dýrin eru flest úr gömlum flisfötum og troðin út með kembu. Engar tvær kreppur eru eins, enda nota ég ekki snið, heldur klippi beint úr peysum eða buxum, sauma andlit, perlur, tölur, slaufur og fleira. Best finnst mér að vinna þær fyrir framan sjónvarpið, á kvöldin þegar dagskráin er sæmileg.

Nafnið Kreppa var í loftinu, og fannst mér nafnið passa vel á þessar endurunnu figúrur. Kreppu dýrin eru ekki bara hugsuð fyrir börn. Þau eru til í nokkrum stærðum, frá lykklakippu (lyklaKreppa, símaKreppa, eða töskuKreppa t.d.) og upp í miðlungs bangsa stærð. Stefnan er að gera líka Kreppu púða, sem fer svölitið eftir stærðinni á flis peysunum, sem ég á eftir að koma höndum yfir. Kreppur ættu því að henta fyrir allan aldur.

Það getur verið gott að kreppa höndunum um eitthvað þegar kreppir að, enda er Kreppa bara dýr.



Fötubað

Lífið er nóturlegt í fátækrahverfum Manila, höfuðborgar Filippseyja, og krefst þess að daglegar þarfir séu leystar á einfaldan hátt. Hér er krakki í baði við fremur frumstæðar aðstæður. Íbúar Manila eru liðlega hálf önnur milljón og þar er þéttar búið en í nokkurri annarri stórborg. Þar er einnig meiri munur eyndar og vel-sældar en víðast annars staðar enda spilling mikil.

utan úr heími



Rörsýn

Horft gegnum hlaupið á 84 millimetra byssu á vopnasýningu á *Deği hersins* í indversku borginni Amritsar, skammt frá landamærunum að Pakistan. Samkomulag Indverja og Pakistana hefur löngum verið slæmt og um þessar mundir er það með versta móti. Meðal annars saka Indverjar Pakistana um hryðjuverkin í Mumbai (Bombay) í lok nóvember, þar sem m.a. var ráðist inn í Taj Mahal hótelið og fjöldi fólks drepinn.

utan úr heími

Góður gestaréttur og eplapæ

Sælkeri vikunnar býður að þessu sinni upp á tvo góða rétti sem hún segir að mjög góð reynsla sé komin á hjá sér. Fyrri uppskriftin er að ljúffengu eplapæ sem ætti að bræða hjarta hvaða sælkera sem er. Seinni uppskriftin er góð til að grípa í þegar bjóða á gestum í heimsókn en það er heitur brauðréttur sem svikur engan.

Eplapæ

Fylling

6 gul epli (skræla, brytja)
½ bolli sykur
1 tsk kanil
1 bolli vatn

Setjið allt í pott og sjóðið í 10 mín.

Deig yfir

6 msk smjör
½ bolli púðursykur
1 bolli hveiti
1 tsk
Hrærið saman.

Setjið eplin í eldfast mót og deigið yfir. Bakið í ofni í 30-40 mín við 175°C. Berið fram með vanillúis.

Góður gestaréttur

1 pk Savory Rice mild kurry (sjóðið samkvæmt upplýsingum á pakka)

Sósan

6 msk majónes
1 dl súrmjólk
Aspassoð
2 tks karry

Tætið brauð í eldfast mót og setjið hrísgrjónin ofan á. Setjið aspaspas skorinn í netta bita þar ofan á. Því næst skorna skinku, svo meðfylgjandi sósu og að lokum ost.

Bakið í ofni í 20 mín við 200°C.

Ég skora á Sólveigu Bessu Magnúsdóttur við Innvi Hjarðardal í Onundarfirði til að koma með uppskrift í næsta blað.



Sælkeri vikunnar er Erna Rún Thorlacius að Vöðlum.

Sælkerinn

Æfir um 600 tíma á ári

Sigurjón Hallgrímsson hefur þrátt fyrir ungan aldur látið að sér kveða í gönguskíðaíþróttinni. Nú í vetur var hann valinn í unglingslandslíðið ásamt fjórum öðrum Ísfríðingum. Hann er margfaldur Íslandsmeistari og var til að mynda fánaberi Íslands við Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar fyrir tveimur árum. Sigurjón sækir nú nám við NTG eða Norges Toppidrettsgymnas í Geilo í Noregi, en skólinn samhfærir íþróttir og nám og er með útibú á fjórum stöðum.

– Hvenær byrjaðir þú í íþróttinni?

„Ég ætlaði alltaf að byrja að æfa svigskíði en svo í vetrarfríi á Ísafirði vorið 1999 fótbraut ég mig í barnabrekkunni og eftir það þorði ég ekki að stíga fæti á skíði. Haustið eftir flutti ég svo vestur og fannst ég nú verða að æfa einhverja íþrótt. Fót-bolti varð fljótt fyrir valinu en áhuginn dofnadi smátt og smátt þar enda hæfileikar mínir í boltaíþróttum af skorum skammti. Ég varð því að finna einhverja aðra íþrótt líka. Sólveig Guðmundsdóttir frænka mín og Freysteinn Mánason frændi

minn höfðu lengi reynt að draga mig með sér á gönguskíði en hræðslan við skíðaiðkun var enn til staðar. Ég ákvað þó að slá til og tók afa minn, Sigurjón Hallgrímsson eldri, með mér til halds og traust. Ég fann fljótt að þetta átti vel við mig enda hafði ég alltaf átt auðvelt með að hlaupa og þetta var samskonar hreyfing. Stella Hjaltadóttir og Gylfi Ólafsson voru þjálfarar á þessum tíma og lögðu þau mikið upp úr

því að við hefðum gaman að því að vera á skíðum.“

– Hvað er það við íþróttina sem hrífur þig?

„Það er mikið sem heillar mann við skíðaiþróttina. Hreyfingin, félagskapurinn og náttúran. Ég held að maður myndi ekki nenna að standa í þessu ef maður væri einn. Frábær félagskapur bæði á Ísafirði og hér úti Noregi hafa haldið manni uppi. T.d. skipulagning móta á Ísafirði gefur mótum úti heimi hvergi efir og er það stór þáttur í að halda manni gangandi, ef það væru engin mót á veturna þá væri þetta ekki eins gaman. Kristbjörn R. Sigurjónsson ofl. eiga heiður skilinn fyrir vinnu sína í kringum skíðaiþróttina hér heima undanfarin ár. Án þeirra væri íþróttin í mikilli lægð.“

– Hversu oft þarftu að æfa á viku?

„Æfingafjöldi er mjög breytilegur, það fer eftir hvort það sé keppni framundan eða hvort það sé keppni að baki, hvort það sé vetur eða haust. Það fer líka eftir formi. Á vorin byrjar svo tímabilið því eftir 1-2 vikna frí frá æfingum er komið að 1. maí sem er upphafsdagurinn og þá er æft rólega fram á mitt sumar en í júní eykst svo fjöldi og lengd æfinga og alveg fram undir desember en þá hefst keppnistímabilið og þá minnkar það verulega enda þarf maður að vera vel hvíldur fyrir átökin. Æfingafjöldi er frá 3-10 sinnum í viku og 5-25 tímar og eru þetta c.a 600 tímar á ári.“

– Hvað er það sem drífur þig á æfingar þegar dagarnir



Sigurjón Hallgrímsson.

koma þar sem maður vill bara slappa af?

„Maður fylgir ákveðnu prógrammi fram að þeim mótum sem maður stefnir á og yfir höfuð sem íþróttamaður. Það heldur manni oftast við efnið en auðvitað langar manni stundum bara að leggja sig upp í sófa og borða snakk. Hvíld er jafn mikilvæg og æfingadagarnir og eru 5-6 hvíldardagar á mánuði algjört skilyrði ef maður æfir mikið. Jafnvel þótt maður sé í góðu formi að þá getur manni hrakað sé hvíldin ekki tekin á réttum tíma. Oft eftir hvíldardag langar manni bara að festast einum degi lengur í letinni en ég hugsar bara: „Ahh þú getur leikið þér í ellinni“ og þegar maður er kominn í æfingafötin þá bara gleymist letin, jafnvel þótt það sé slydda og vindur úti.“

– Hvert er næsta markmið í íþróttinni?

„Markmið mitt í vetur var alltaf HM unglunga í Frakklandi en á úrtökumótunum átti ég við veikindi að stríða svo að ekkert varð úr því. Nú í lok febrúar er svo Noregsmeistaratótið í Bardufoss og set ég

stefnuna á það. Versta er bara að það fer fram svo langt í Norður-Noregi að kostnaðurinn yrði mikill. Stærsta markmið tímabilsins er þó að sjálfsögðu Landsmótið á Akureyri þó að það fari fram seint á árinu.“

– En hvert er draumamarkmiðið?

„Alla íþróttamenn dremmir um Ólympíuleikana og held ég að það sé stór stund að standa þar á verðlaunapalli. Það er eins og að vinna endakallinn í einhverjum tölvuleik að vinna gull á Ólympíuleikum. En ég held að það markmið sé langt í burtu því að keppnin er orðin svo gríðarleg að maður er ekki á toppi ferilsins fyrr en um þrítugsaldurinn og ég er bara 18 ára þannig að það eru mörg ár með mikilli vinnu og að sjálfsögðu nokkrum tugum milljóna þangað til. En það er allt hægt ef viljinn er fyrir hendi sagði einhver.“

– Ertu í einhverjum öðrum íþróttum?

„Ég stunda eingöngu skíðin á veturna en á sumrin eru hlaupin aðallega stundað. Það gefst ekki tími í annað.“

– thelma@bb.is



Svínagúllas
Kjötborð
849 kr/kg
Verð áður 1.689 kr/kg

50%
afsláttur

Frábært verð!

45%
afsláttur

Kjúklingalæri
489 kr/kg
Verð áður 879 kr/kg

40%
afsláttur

Digestive kex 400g
113 kr/pk.
Verð áður 189 kr/pk.

40%
afsláttur

Tekex 200g
113 kr/pk.
Verð áður 189 kr/pk.

25%
afsláttur

Salt og pipar m/kvörn
299 kr/stk.
Verð áður 399 kr/stk.

6 kjúklingabitar
franskar og 2L Coke

Tilboðið gildir fimmtudag og föstudag

1.298 kr.

30%
afsláttur

Toppur m/sítrónu
2l
125 kr/stk.
Verð áður 178 kr/stk.

www.markhonnun.is

Gildir 12. - 15. febrúar
Birt með fyrirvara um prentvillur

Samkaup **úrval**

Akureyri • Blönduós • Bolungarvík • Borgarnes • Dalvík • Egilsstaðir • Grundarfjörður • Hafnarfjörður • Húsavík • Ísafjörður • Neskaupsstaður
Njaróvík • Ólafsfjörður • Selfoss • Siglufjörður • Skagaströnd